

Fjarðaálsfréttir



Gleðilegt
nýtt ár



50



14



24



16



42



28



06



Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfisvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurtaprentlitir og umhverfisvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunninn eða komið til ábyrgðar förgunar.

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál

Ábyrgðamaður og ritstjóri: Ragnar Sigurðsson

Vinnsla efnis: Anna Heiða Pálsdóttir, Bolli Valgarðsson, Hilmar Sigurbjörnsson, Ragnar Sigurðsson o.fl.

Umbrot og hönnun: Brandenburg

Ljósmyndir: Ólafur Höskuldur Ólafsson, Jón Tryggvason, Hilmar Sigurbjörnsson o.fl.

Forsíðuljósmynd: Ólafur Höskuldur Ólafsson

Á forsíðu: Reyðarfjörður

Prentun: Prentmet

EFNISYFIRLIT

04 Starfsemi Alcoa Fjarðaáls 2015

05 Ávarp forstjóra

06 Stytttri vaktir – aukin ánægja

08 Útskrift stóriðjuskóla Fjarðaáls

10 Alcoa styrkir uppbyggingu náms í efnis- og málmfræði

11 Skautsmiðjan, fjölskyldan, rúgbrauðin og Trabbinn

14 Fjarðaál er leiðandi vinnustaður í heilsuvernd

16 Heilsueflingarnefnd heldur Fjarðaálfum á hreyfingu

18 Ber er hver að baki nema sér bróður eigi

24 „Þið getið verið mjög stolt af Fjarðaáli“

26 Alsjálfvirk efnagreining álbráðar í rauntíma eykur framlegð og gæðastýringu í framleiðslunni

28 Skapandi ljósmyndun og Star Wars safn á Fáskrúðsfirði

32 Næstum 300 sjálfboðaliðar öfluðu 6,5 milljónum til félagasamtaka með 21 Action hópverkefni

34 Dúx Menntaskólans á Egilsstöðum hlaut námsstyrk frá samfélagssjóði Alcoa

35 Alcoa kynnir Sustana álvörur

36 Hátíðarkaffi Alcoa Fjarðaáls 19. júní

38 Alcoa Corporation

39 Hvað viltu vita um íslenskan áliðnað?

40 Umhverfismál í öndvegi hjá öllum starfsmönnum Alcoa

42 Úrval innlendra neytendavara og margs konar búnaðar fyrir atvinnuvegina úr íslensku áli

44 Frá fæðingu til fermingar

46 Ómissandi jólatrésskemmtanir í álverinu

48 Jólatré sótt í íslenskan skóg

49 Anna kom með jólin á aðalverkstæðinu

50 Dagur leikskólans í álverinu

52 Góðhjartaðir blóðgjafar á heilsugæslu Fjarðaáls

53 Tæplega 120 þúsund tré gróðursett á vegum Alcoa frá stofnun Fjarðaáls

54 Vítamínsprauta frá Spretti styrktarsjóði fyrir íþróttir á Austurlandi

55 Alcoa á sjálfbærnilista Dow Jones fimmtánda árið í röð

STARFSEMI ALCOA

FJARÐAÁLS 2015

EFNAHAGSLEGT MIKILVÆGI

Alcoa Fjarðaál framleiðir árlega um 344.000 tonn af hreinu gæðaáli og álblöndum.

Útflutningsverðmætið árið 2015 var 92 milljarðar króna og af þeim tekjum urðu um 37% eftir í landinu, eða um 34 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu.

Árið 2015 greiddi fyrirtækið 1,7 milljarða króna í skatta og opinber gjöld á Íslandi. Fjárfesting Alcoa í álverinu á Reyðarfirði er ein stærsta erlenda fjárfesting Íslandssögunnar.

VIÐ HLÚUM VEL AÐ STARFSFÓLKI OKKAR

Hjá Fjarðaáli störfuðu um 480 manns árið 2015, þar af voru konur um 22% sem er hæsta hlutfall sem þekktist innan álvera Alcoa. Þetta hlutfall hefur hækkað m.a. með tilkomu nýs átta tíma vaktakerfis sem tekið var upp í mars 2016.

Um 94% starfsmanna eiga lögheimili í nærliggjandi byggðarlögum álversins á Austurlandi.

Starfsfólk Fjarðaáls er markvisst hvatt til heilsusamlegs lífarnis. Innan Fjarðaáls starfar heilsuefingar-nefnd sem hefur það meginmarkmið að stuðla að og skipuleggja heilsuefingu innan fyrirtækisins ásamt því að hvetja samstarfsfólk til heilbrigðs lífsstíls. Hjá heilsugæslu Fjarðaáls starfa tveir hjúkrunarfræðingar sem m.a. veita starfsfólki heilsufarslegar ráðleggingar.

Fjarðaál greiddi um 6 milljarða króna í laun og launa-tengd gjöld árið 2015. Meðalárslaun voru um 8,6 milljónir króna sem er um 21% hærra en meðalárslaun á almennum vinnumarkaði.

Öryggismál eru ávallt í fyrirrúmi hjá Fjarðaáli. Þjálfun starfsfólks og dagleg störf taka því alltaf mið af öryggi þar sem áhersla er lögð á að tryggja öruggar vinnuaðstæður við sérhvert verk.

Fjarðaál kemur að rekstri almenningssamgangna á Austurlandi og tryggir þar með starfsfólki akstur til og frá vinnu og almenningi á Mið-Austurlandi aðgang að góðum samgöngum á svæðinu.

ÖFLUGUR STUÐNINGUR VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Árið 2015 veittu Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) 140 milljónum króna í styrki til fjölbreyttra samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi.

Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið varið samtals 1,2 milljörðum króna til samfélagsstyrkja af margvíslegu tagi sem varið var til fjölbreyttra verkefna.

Stærsti einstaki styrkurinn sem Alcoa Fjarðaál veitir á hverju ári rennur til Vína Vatnajökuls en fyrirtækið er helsti bakhjarl hollvínasamtaka Vatnajökulspjóðgarðs. Fjarðaál styður einnig við bakið á margvíslegum öðrum verkefnum, m.a. á sviði mennta- og lýðheilsumála.

Samfélagsábyrgð er samofin starfsemi fyrirtækisins og kemur fram með ýmsum hætti, til dæmis í gegnum öflugt sjálfbóðaliðastarf starfsfólks, með virku sam-tali við samfélagið, áherslu á umhverfismál og útvistun verkefna til verktaka en með því vill fyrirtækið stuðla að því að renna styrkari stoðum undir frekari atvinnu-uppbyggingu á svæðinu.

VIÐ HUGUM AÐ UMHVERFINU

Markmið Alcoa er að takmarka neikvæð umhverfis-áhrif, vinna í anda sjálfbærrar þróunar og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Fjarðaál leggur mikla áherslu á stöðugar framfarir til að bæta árangur í losun mengandi efna og stendur fyrir viðamikilli vöktun á fjölmörgum umhverfisþáttum í nágrenni álversins.

Auk umtalsverðs árangurs við lágmörkun á losun flúor-mengandi lofttegunda má nefna að ekkert affallsvatn rennur frá starfsemiinni til sjávar.

Fjarðaál hefur þá sérstöðu miðað við mörg önnur iðn-aðalfyrirtæki að 99,7% allra aukaafurða frá starfsemi-inni eru endurunnin.

Þau 0,3% úrgangs sem enn eru ekki endurunnin eru nær alfarið lífrænn úrgangur frá vatnshreinsivirki og mötuneyti Fjarðaáls.

ÁVARP FORSTJÓRA



Ágæti lesandi

Á þessum tíma árs er gjarnan litið um öxl og farið yfir nýliðið ár. Árið 2016 hjá okkur í Fjarðaáli var viðburða-rikt og ánægjulegt. Í upphafi ársins var unnið ötullega að undirbúningi vaktakerfisbreytinga innan fyrirtækisins, úr tólf tíma vöktum í átta tíma vaktir. Forsenda nýs vaktakerfis voru breytingar á kjarasamningum starfsmanna sem gerðu okkur kleift að ráðast í þessa mikilvægu breytingu. Umskiptin voru flókin og við þurftum að samræma ýmsa hluti, þar með talið verk-áætlun í kerskála, tölvukerfi, samgöngur, opnunartíma mötuneytis og aðstöðu í kaffistofum, mannaráðningar, samsetningu nýrra teyma og verkstjóra, sem við köllum reyndar leiðtoga, samskipti, samfélagstengsl og fleira.

Í mars var svo nýja vaktakerfið tekið í notkun og var því vel tekið af starfsfólki enda hafa viðhorf þess gagnvart hinu nýja kerfi verið mjög jákvæð og það skapaðist gott andrúmsloft á vinnustaðnum. Með nýju vaktakerfi höfum við skapað fjölskylduvænni vinnustað sem höfðar til mun fleiri einstaklinga og gerir okkar starfsfólki betur kleift að taka þátt í fjölbreyttu mannlífi samfélagsins. Með því að höfða til fleiri einstaklinga vonuðumst við til þess að bæta kynjahlutfall þrátt fyrir að það væri með því hæsta sem þekktist innan álvera heimsins. Ánægjulegt er að segja frá því að það gekk eftir og fór hlutfall kvenna úr 21% í 24% og vonumst við til þess að það muni aukast jafnt og þétt áfram. Með auknum fjölbreytileika í vinnuafli stuðlum við einnig að meiri sveigjanleika, framleiðni og nýsköpun.

Umhverfis- og öryggismál eru ávallt í fyrsta sæti í forgangs röðun fyrirtækisins. Við vinnum stöðugt að umbótum til að lágmarka alla hættu í starfsemiinni gagnvart umhverfinu og öryggi starfsfólks. Á undanförnum árum höfum við unnið að umbótum í rekstri til að lágmarka losun á ryki og flúor frá starfsemiinni. Ójákvæmilega fylgir starfsemi sem þessari einhver losun en það er skylda okkar að halda henni innan

þeirra marka sem okkur eru gefin. Eitt af því sem skiptir nærsamfélagið hér miklu máli eru mælingar á flúor í grasi og heyi. Niðurstöðurnar skipta máli fyrir dýravelferð en of há flúorgildi í grasi eða heyi geta haft skaðleg áhrif á dýr. Það er skemmst frá því að segja að okkur hefur tekist vel til á undanförnum árum að draga úr losun frá álverinu og lágmarka þar af leiðandi möguleikann á upptöku flúors í grasi og heyi. Veðurfar getur haft mikil áhrif á upptöku flúors í grasi en það er þáttur sem við getum ekki haft áhrif á. Með stöðugum umbótum getum við þó haft áhrif á heildarlosun fyrir-tækisins. Okkur hefur líka tekist vel að auka umhverfis-vitund starfsfólks og skerpa á verkferlum. Frá árinu 2013 höfum við verið vel innan þeirra viðmiðunarmarka sem Umhverfisstofnun horfir til gagnvart flúor í grasi og árið í ár var engin undantekning: innihaldið mældist 26,1 µg F/g en viðmiðunarmörkin eru 40 µg F/g. Við erum afar stolt af því hjá Fjarðaáli að vera í fremstu röð álvera í heiminum hvað varðar umhverfismál og við erum einna lægst í flúorlosun meðal álvera á heimsvísu.

Undanfarið ár hefur verið tími breytinga hjá Fjarða-áli en unnið hefur verið að því að skipta Alcoa upp í tvö kostnaðarskilvirk fyrirtæki: Alcoa Corporation og Arconic Incorporated. Bæði fyrirtækin eru sjálf-stætt starfandi og skráð í Kauphöllinni í New York. Með breytingunni verður Alcoa að frumvinnslufyrir-tæki, leiðandi í bauxít-, súrál- og álframleiðslu og í einstakri stöðu til þess að ná góðum árangri á þessum mörkuðum. Fyrirtækið samanstendur af sex eining-um sem starfa í allri virðiskeðju álframleiðslunnar: bauxíti, súráli, áli, steyptum vörum, völsuðum vörum og raforkuframleiðslu. Fyrirtækið er með 25 fram-leiðslustöðvar á heimsvísu og starfsmannafjöldinn telur um 16.000 manns. Breytingin hefur engin áhrif á framleiðslustarfsemi Fjarðaáls en eftir skiptingu fyrirtækisins má segja að Fjarðaál sé orðið mun stærri eining innan minna fyrirtækis en áður. Hjá Fjarðaáli starfar frábært starfsfólk sem horfir bjartsýnum augum á framtíðina innan nýs fyrirtækis og er fullt tilhlökkunar til að takast á við nýjar áskoranir. Að lokum vil ég þakka fyrir það ánægjulega samstarf sem við höfum átt við íbúa á Austurlandi, sveitarfélög og austfirskt samfélag í heild sinni. Það er hluti af okkar samfélagslegri ábyrgð að vera í góðum samskiptum og tengslum við íbúa Austurlands. Við ætlum að leggja okkur fram til þess að styrkja þau bönd enn frekar.

Ég óska Austfirðingum og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári með þökkum fyrir samskiptin og samstarfið á nýliðnu ári.

Magnús Ásmundsson

STYTTRI VAKTIR AUKIN ÁNÆGJA



„ÉG ER AFSKAPLEGA ÁNÆGD MEÐ ÞAÐ HVERNIG TIL TÓKST. STARFSFÓLK HEFUR TEKID BREYTINGUNUM MJÖG VEL OG ÉG TEL ÞAÐ HLUTA TIL ÞVÍ AÐ ÞAKKA HVERSU VEL UNNIÐ VAR AÐ UNDIRBÚNINGI OG INNLEIÐINGU,” SEGIR GUÐNÝ BJÖRG HAUKSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐSMÁLA ALCOA FJARÐAÁLS UM VAKTAKERFISBREYTINGUNA Í MARS Á ÞESSU ÁRI.

Vaktakerfi Alcoa Fjarðaáls tók breytingum fyrr á þessu ári þegar vaktirnar voru styttaðar úr 12 tíma vöktum í 8 tíma vaktir. Ráðnir voru 50 nýir starfsmenn í kjölfar breytinganna og hlutfall kvenna í starfsmannahópi Fjarðaáls hefur um leið farið hækkandi en það er með því hæsta innan álgeirans í heiminum.

VIÐ RÆDDUM VIÐ GUÐNÝJU UM ÁSTÆÐUR, KOSTI OG ÁHRIF BREYTINGANNA. „Í gegnum tíðina hefur vaktakerfið verið til umfjöllunar bæði hjá starfsfólkinu sem starfar eftir því sem og stjórnendum. Því miður er ekkert fullkomið vaktakerfi til en við höfum hér á Íslandi fyrirtæki sem hafa reynslu af því að reka sín fyrirtæki á 8 tíma vöktum og hefur gefist vel. Fjarðaál er tiltölulega nýtt fyrirtæki með metnaðarfull markmið á ýmsum sviðum. Þannig er til að mynda eitt af markmiðum fyrirtækisins að vera fjölskylduvænn vinnustaður sem stuðlar að góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og að vera eftir-sóknarverður vinnustaður sem hentar öllum.” Í gegnum tíðina hafa verið gerðar kannanir á meðal starfsmanna þar sem viðhorf til breytinga á vaktakerfinu hafa verið kannaðar. Niðurstaðan var aldrei kristalskýr, en það sem hægt varað lesa útúr bæði könnunum sem og samtölum við starfsmenn var að starfsfólk var ekki tilbúið til að lækka í launum í samræmi við minni vinnuskyldu. Innleitt var 8 tíma vaktakerfi í skautsmiðju til reynslu sem gafst vel og gaf tóninn fyrir það sem koma skyldi. „Sú reynsla sannfærði okkur um ágæti kerfisins og í síðustu kjarasamningum gafst tækifæri til að undirbúa jarðveginn fyrir breytingar í öllu fyrirtækinu. Breytingarnar voru því fyrst og fremst gerðar með það að leiðarljósi að leggja lóð á vogarskálarnar í átt að því að uppfylla markmið fyrirtækisins.”

INNLEIÐINGIN Í kjölfar undirritunar á kjarasamningi í fyrrasumar hófst undirbúningur að vaktakerfisbreytingunum. Samningurinn var samþykktur með um 90% atkvæða. „Það skapaðist strax mikil stemning í kringum breytingarnar og eftirvænting var í loftinu. Upplýsingaflæði um gang

mála var mikið og lögð var mikil áhersla á að upplýsa starfsmenn um stöðuna á hverjum tíma og svara öllum spurningum sem upp komu,” segir Guðný. Forsendan var nýr kjarasamningur sem fól í sér vinnutímastyttingu vaktavinnufólks úr 173 dagvinnustundum í 154 stundir. Skipaður var verkefnastjóri strax um haustið sem hélt utan um verkefnið, skipaði vinnuhópa um þá þætti sem vinna þurfti sérstaklega og stýrði upplýsingaflæði til starfsmanna. Verkefnið var umfangsmikið og þurfti að huga að ýmsum þáttum, þar með talið verkáætlun í kerskála, tölvukerfi, samgöngum, opnunartíma mötuneytis og aðstöðu á kaffistofum, mannaráðningar, samsetningu nýrra teyma og leiðtoga, samskipti við starfsmenn, samskipti við verkalyðsfélögin og samfélagstengsl. Starfsmenn voru almennt mjög meðvit- aðir um gang mála og fátt sem kom kom á óvart eða var deilt um í ferlinu. Lykilatriðið í vel heppnuðu breytinga-ferlinu var að hafa starfsfólk með í ráðum allan tímann og alla vel upplýsta.

MIKILL ÁVINNINGUR Guðný telur að breytingarnar hafi haft jákvæð áhrif á fyrirtækið, starfsfólk og samfélagið. „Með innleiðingu 8 tíma vakta höfðum við að mínu mati til mun breiðari hóps sem vinnustaður sem verður um leið mun fjölskylduvænni sem var eitt af höfuðmarkmiðum breytinganna. Með styttri vöktum drögum við úr álagi og hættu á þreytu og þar með aukum við öryggi og framleiðni. Við höfum þegar séð talsverðan ávinning af breytingunni t.a.m. í hlutfalli kvenna á vinnustaðnum, minni starfsmannaveltu og færri fjarvistum.”

Hlutfall kvenna á vinnustaðnum fór úr 21% í 24% við vaktakerfisbreytinguna. „Hlutfallið hefur farið hækkandi síðan við innleiddum nýtt vaktakerfi og við viljum sjá það aukast enn frekar. Öll störf hér henta bæði konum og körlum og við erum markvisst að vinna að því að höfða til fleira kvenna.”

Samfélagsleg áhrif breytinganna eru einnig heilmikil að mati Guðnýjar. Hún telur að með því að fara yfir í 8

tíma vaktir sé verið að gefa starfsfólki aukið svigrúm til að stunda áhugamál og félagsstarf. „Að mínu mati er samfélagslegur ávinningur breytinganna umtals- verður og við sjáum nú þegar dæmi um það. Starfsfólk okkar getur nú í auknum mæli iðkað sín áhugamál og tómstundir og allskyns félagstarfsemi á Austurlandi nýtur góðs af því.”

ÁNÆGJA MEÐ BREYTINGARNAR Eins og áður segir gekk vaktakerfisbreytingin vel og starfsfólk Alcoa Fjarðaáls er almennt ánægt með breytingarnar. Þann 26. mars sl. var fjallað um breytinguna í kvöldfréttum RÚV og tveir starfsmenn voru teknir tali. Annar þeirra, Aðalsteinn Ólafsson rafvirki á viðhaldsvakt í álveri Fjarðaáls á þrjú börn. Hann sagði að nýja vaktakerfið væri kærkomið. „Á 12 tíma vöktunum voru vaktirnar mjög strembnar og langar og þegar maður kom heim þá voru krakkarnir sofnaðir. En þegar maður er hér í átta tíma þá nær maður þeim hluta úr degi alla daga svo að þetta er allt annað líf,” sagði Aðalsteinn.

Sóley Gísladóttir tók í sama streng í viðtalinu við RÚV, en hún hóf störf í skautsmiðjunni í marsbyrjun. Hún á 10 mánaða gamla dóttur og maðurinn hennar vinnur líka á vöktum. „Nei það hefði ekki hugnast mér að vinna 12 tíma vaktir það hafði einfaldlega ekki verið í boði fyrir fjölskyldulífið, hvorki fyrir mig né manninn minn. Það hefði verið rosalegt þúsulspil,” sagði hún. Sóley var ein af þeim fjölmörgu sem sóttu um störf hjá fyrirtækinu sem urðu til vegna vaktabreytinganna. Þriðjungur þeirra sem ráðnir voru eru konur.



Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, afhendir Guðbergi Má Skúlasyni prófskirteinið.

ÚTSKRIFT STÓRIÐJUSKÓLA FJARÐAÁLS

Í ÁR HAFA ÚTSKRIFAST 46 NEMENDUR ÚR STÓRIÐJUSKÓLANUM. AÐ SKÓLANUM STANDA ALCOA FJARÐAÁL, AUSTURBRÚ OG VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS.

Í maí útskrifuðust 24 nemendur úr grunnnámi skólans og í desember útskrifuðust 22 starfsmenn úr framhaldsnámi Stóriðjuskóla Fjarðaáls. Útskriftirnar fóru fram í mötuneyti fyrirtækisins að loknum kynningum á lokaverkefnum nemenda.

Í framhaldsnáminu fást nemendur m.a. við viðhaldsmál, fræðast um umhverfis-, öryggis- og heilsumál og öðlast dýpri þekkingu á starfsemi alls fyrirtækisins. Í lok annar er unnið að lokaverkefnum sem nemendur kynna við útskrift og að þessu sinni voru þau af ýmsu tagi. Höfðu þau öll umbætur að leiðarljósi og er óhætt að segja að verkefnin hafi borið starfsfólki Fjarðaáls frábært vitni.

Í grunnnámi Stóriðjuskólans hafa nemendur m.a. fengist við eðlis- og efnafræði, fræðst um UHÖ mál

og öðlast dýpri þekkingu á starfsemi alls fyrirtækisins. Endapunkturinn var svo vinna við lokaverkefni sem voru af fjölbreyttum toga.

Nám við Stóriðjuskóla Fjarðaáls er hægt að fá metið til eininga á framhaldsskólastigi. Verkmennaskóli Austurlands hefur samþykkt að meta grunnnámið til allt að 18 eininga og framhaldsnámið til allt að 20 eininga. Samtals er því hægt að fá metnar 38 einingar hjá VA.

Alls hafa 70 starfsmenn lokið fyrri hluta Stóriðjuskóla Fjarðaáls og 53 hafa lokið framhaldsnámi. Öllum þeim sem ljúka þriggja anna grunnnámi stendur til boða að halda áfram í framhaldsnámið.

ÚTSKRIFTARHÓPURINN Í DESEMBER



Efri röð frá vinstri: Sindri Svavarsson, Guðmundur Gísli Svavarsson, Ágúst Rúnar Þorbergsson, Kristján Svavarsson, Úlfar Þór Svavarsson, Jeff Clemmensen, Marinó Eiður Gylfason, Piotr Marcjaniak, Teitur Már Símonarson, Kári Gunnlaugsson, Sveinbjörn Reynisson, Ólafur Gunnarsson, Ragnar Högnason og Sigurjón Þórir Guðmundsson. Neðri röð frá vinstri: Poul Jepsen, Guðmundur Sigurðsson, Höskuldur Ólafsson, Rafal Baginski, Dawid Kizewski, Karin Birgitta Axelsdóttir, Starri Hjartarson og Magnús Ingi Svavarsson

ÚTSKRIFTARHÓPURINN Í MAÍ 2016



Standandi frá vinstri: Tómas Sigurðsson, Hulda Garðarsdóttir, Brynjar Ingvason, Guðbergur Már Skúlason, Ragnar Jóhannesson, Ægir Guðjón Þórarinsson, Sigurður Valdimar Olgeirsson, Björgvin Jónsson, Magnús Guðmundsson, Marcin Pawel Kapuscik, Slawomir Pawel Peta, Piotr Klimaszewski, Algis Rinkevicius, Piotr Sikora, Hörður Kristjánsson og Sigurður Eiríkur Styrkársson. Sitjandi frá vinstri: Óli Jakob Björnsson, Sigurgeir Hrafnkelsson, Heiðar Snæbjörnsson, Sigmundur Egilsson, Heimir Logi Guðbjörnsson og Stefán Þór Sigurðsson.

Styrkurinn afhentur. Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls (t.v.) og Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.



ALCOA STYRKIR UPPBYGGINGU NÁMS Í EFNIS- OG MÁLMFRÆÐI

Á MÁLSTOFU SEM HALDIN VAR Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK (HR) FIMMTUDAGINN 7. APRÍL 2016, AFHENTI MAGNÚS ÞÓR ÁSMUNDSSON, FORSTJÓRI ALCOA FJARÐAÁLS SKÓLANUM STYRK

Styrkurinn er til áframhaldandi eflingar rannsókna og kennslu í efnisverkfræði og málfræði á háskólastigi. Umfjöllunarefni málstofunnar var efnisverkfræði í sjálfbærri álframleiðslu.

ALCOA VILL STYÐJA HÁSKÓLAMENNTUN Á ÍSLANDI Magnús Þór sagði Samfélagssjóð Alcoa veita fé til verkefna sem tengjast umhverfi, menntun og fræðslu og samfélagsþátttöku starfsfólks. „Samfélagssjóður Alcoa, (Alcoa Foundation) hefur frá árinu 1952 veitt um 590 milljónir dollara til ýmissa verkefna. Það er okkar hlutverk hjá Fjarðaáli að sýna fram á tækifærin á Íslandi og hafa jákvæð samfélagsáhrif en það hefur tekist vel því sjóðurinn hefur komið að fjölmörgum áhugaverðum verkefnum hér.“

Að sögn Magnúsar Þórs er áliðnaðurinn aðlaðandi fyrir nýútskrifaða verkfræðinga og því þarf að halda á lofti. „Hjá Fjarðaáli starfa í dag um 90 háskólamenntaðir einstaklingar. Auk þess kaupir fyrirtækið stöðugt þjónustu af fjölda verkfræðifyrirtækja og verktaka með tækniþekkingu. Þó að áliðnaður teljist til grunnatvinnuvegar á Íslandi hafa nemendur þurft að sækja framhaldsmenntun á sviðinu til útlanda. Það er gott að víkka sjóndeildarhringinn en það er engu að síður mín von að hér sé að verða til vísir að áhugaverðu

framhaldsnámi sem sinnir þörfum áliðnaðar og verður að lokum sjálfbært og eftirsótt af nemendum.“

Magnús Þór benti á að HR hafi sýnt mikið frumkvæði í málinu og færði skólanum þakkir fyrir það. Þá tók hann fram að Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar, hafi fylgt málinu sérstaklega vel eftir. „Það er því með mikilli ánægju sem að ég veiti skólanum núna styrk frá Samfélagssjóði Alcoa upp á 100 þúsund dollara til að byggja undir framhaldsnám á sviði efnis- og málfræðis.“ Þess má geta að 100 þúsund dollarar eru um 12,4 milljónir króna á núverandi gengi.

HLUTVERK HR AÐ EFLA SAMKEPPNISHÆFNI Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, veitti styrknum viðtöku. „Við höfum rætt það hér meðal okkar innanhúss og með fyrirtækjum að efling menntunar og rannsókna á þessu sviði sé verkefni sem skiptir máli. HR er stærsti tækniháskóli landsins, og er líka háskóli atvinnulífsins. Það er því okkar hlutverk að efla samkeppnishæfni Íslenskra fyrirtækja með nýsköpun, samstarfi og rannsóknum. Við þökkum kærlega fyrir þennan stuðning í verki og fyrir þá framsýni að fjárfesta í uppbyggingu menntunar á háskólastigi og hlökkum til samstarfsins á næstu árum.“

Þess má geta í lokin að Ísland er að mörgu leyti ákjósanlegur staður til kennslu og rannsókna í efnisverkfræði enda eru framleidd hér á landi meira en 800.000 tonn af áli á hverju ári og kísilframleiðsla eykst hratt. Þrátt fyrir að þessi iðnaður sé afar mikilvægur atvinnulífinu, hefur lítið verið um rannsóknir á þessu sviði á Íslandi.



Fjölskyldan í sumarfrí á sólarströnd í Tyrklandi 2014.

SKAUTSMIÐJAN, FJÖLSKYLDAN, RÚGBRAUÐIN OG TRABBINN

Júlíus Brynjarsson, framkvæmdastjóri skautsmiðju Fjarðaáls, féllst á að koma í viðtal með því skilyrði að hann fengi að tala um gamla bíla, en við fengum hann líka til að segja okkur frá ýmsu öðru sem á daga hans hefur drifið.

HEIMAVIST, BRÆÐSLA, VERKFRÆÐI OG VATNAMÆLINGAR

„Ég ólst upp á Seyðisfirði, hinum forna og ægifagra höfuðstað Austurlands og ég verð alltaf stoltur Seyðisfirðingur,“ segir Júlíus og bætir við að hann sé alfarið á móti því að sameina Seyðisfjörð og Siglufjörð eins og gert var í Ófærð. „Svo fór ég í Menntaskólann á Egilsstöðum og kynntist þar konunni minni, Kristínu Rut Eyjólfsdóttur. Eftir menntaskólann kom ekkert annað til greina en véla- og iðnaðarverkfræði í Háskóla Íslands. Á þriðja ári fór ég til DTU (Danmarks Tekniske Universitet) í Kaupmannahöfn og kláraði BS námið þar. Eftir námið var ég ráðinn svæðisstjóri Vatnamælinga á Austurlandi og starfaði þar til ársins

2004. Þá ákvað ég að fara aftur út til DTU í meistaranám í iðnaðarverkfræði. Þegar kom að lokaverkefninu hafði ég samband við Fjarðaál og úr varð að ég beitti fræðum straumlínustjórnunar á skautsmiðjuna. Upp úr verkefninu urðu til framleiðsluáætlanir sem ég tók síðar sjálfur þátt í að innleiða.“

GANGSETNING, FYRSTA BARNIÐ OG BYGGINGARVINNA Á SAMA TÍMA

„Haustið 2006 varð ég verkfræðingur í álframleiðslu með skautsmiðjuna sem meginviðfangsefni og fékk síðar starfsheitið yfirverkfræðingur í skautsmiðju. Gangsetningin var þrælerfið en um leið spennandi og skemmtileg. Sjálfur var ég heldur ekki að létta mér lífið á þeim tíma. Í október 2007 eignuðumst við Kristín okkar fyrsta barn og þá byrjuðum við líka að byggja húsið okkar á Egilsstöðum, þannig að maður vann aðeins í húsinu á morgnana áður en maður fór í vinnuna og svo aftur eftir vinnu.“



03



01



02

01 Þetta rúgbrauð hafði staðið óhreyft uppi á Héraði árum saman

02 „Varahlutirnir hafa verið að tínast inn, en þetta gerist hægt og ég er ekkert að flýta mér. Eftir góða rispu í ryðhreinsun kem ég alveg úthvildur og endurnærður heim.“

03 „Draumurinn er að myndskreyta rúgbrauðið í hugvikkandi litum og ferðast um heiminn í nafni ástar og friðar.“

Á ÞVÆLINGI ÚTI UM ALLA VERKSMÍÐJU Árið 2010 tók Júlíus við starfi ferliseiganda málm-vinnslu og var í steypuskálanum í tvö ár. Þaðan lá leiðin í kerskálann þar sem hann var yfirverkfræðingur í önnur tvö ár, áður en hann sneri aftur í skautsmiðjuna sem framkvæmdastjóri í árslok 2014. „Svæðin eru ólík en mér hefur fundist gaman að vinna á þeim öllum. Alls staðar er gott fólk að leggja sig fram. Tæknilega er skautsmiðjan allt öðru vísi. Hér er ein framleiðslulína og allt stöðvast ef einn hlekkur klikkar, en í steypuskálanum eru þrjár sjálfstæðar steypulínur og kerlinan er í raun 336 framleiðslueiningar. Í rafgreiningunni er líka meiri fræðileg óvissa, á meðan vandamálin í skautsmiðjunni eru augljósari.“

FRAMKVÆMDASTJÓRASTARFIÐ ER MJÖG SKEMMTILEGT

En hvernig líkar verkfræðingnum framkvæmdastjórastarfið? „Þetta er ólíkt því sem ég hafði fengist við áður, þar sem maður var á kafi í tæknilegum pælingum. Starfið snýst meira um að sinna fólkinu og mér finnst það mjög skemmtilegt. Ég upplifi létt andrúmsloft og yfirvegaða fagmennsku í teyminu, en verkefnir eru mörg og slakinn aldrei mikill. Á hverjum degi þarf að skila kerskálunum meira en 520 forskautum og taka við sama fjölda skautleifa í endurvinnslu. Svo hefur kersmiðjan þurft allt upp í 60 bakskaut á viku. Við þurfum líka að skila af okkur nægu þekjuefni og sekkja hreina raflausn. Auk þess sjáum við um móttöku og flutning hráefna og rekstur hreinsivirkja kerskálans, þannig að umhverfismál eru mjög mikilvægur hluti af starfseminni.“

Er skautsmiðjan komin þangað sem þú vilt hafa hana?

„Ég hef aldrei komið í skautsmiðju þar sem hreinsun skautleifa er sýnilega betri en hjá okkur. En við viljum alltaf vera að bæta okkur og það eru enn mörg tækifæri til þess. Sjálfvirka gaffalskoðunin er mikilvæg viðbót og á ofnasvæðinu erum við að skoða mögulegar leiðir til að hreinsa steypujárnið. Sjálfstýrðu teymin eru farin að virka vel. Teymin eru sjálf að keyra vaktaskiptafundi og taka góðar ákvarðanir á leiðtogalausum vöktum. Leiðtogarnir vinna líka mjög vel saman í því að styðja teymin. Svo erum við mjög stolt af því að hlutfall kvenna í skautsmiðjunni er komið yfir 30%.“

ÞARF ALLTAF AÐ VERA AÐ GERA EITTHVAÐ Hvernig gengur þér sjálfum að samræma vinnu og einkalíf?

„Vinnan er vissulega yfirferðarmikil en þetta hefst allt. Kristín konan mín er skapandi listamaður og ég er kassalaga verkfræðingur, sem hljómar eins og uppskrift að ófriði en virkar vel. Hún er umsjónarmaður mann- og geðræktarmiðstöðvarinnar Ásheima. Börnin eru sitt af hvoru tagi, Brynja Líf fæddist í gangsetningunni árið 2007 og Eyjólfur Mar kom í heiminn skömmu áður en afriðillinn brann árið 2010. Ég reyni að skipuleggja átta tíma vinnudag og biða með tölvuvinnu heima fyrir þangað til börnin eru sofnuð. En ég held að ég þurfi alltaf að vera að gera eitthvað, ég tæmi ekki hugann með því að setjast niður og slappa af. Þegar ég kem heim úr vinnunni fer ég í hin vinnufötin mín.“

TVÖ GÖMUL RÚGBRAUÐ RENNA SAMAN Í EITT „Ég er með delli fyrir gömlum bílum. Fyrir 16 árum eignaðist ég Volkswagen Camper „rúgbrauð“ eða „hippabíl“ árgerð 1971. Ég hafði keyrt fram hjá honum árum saman þar sem hann stóð uppi á hól nálægt Egilsstöðum. Svo eignaðist ég síðar tvíbura hans sem hafði staðið inni í garði á Egilsstöðum. Nú er ég að sameina þessa tvo bíla í einn húsbíl með þaki sem hægt er að lyfta upp þannig að maður geti staðið uppréttur og eldað. Planið er að ferðast um landið í honum og fara jafnvel í friðarferðir til framandi landa.“

TRABANTINN HENNAR LANGÖMMU GERÐUR UPP „Ég er líka að gera upp Trabant úr fyrstu sendingunni sem kom hingað til Íslands árið 1963. Amma Kristínar keypti bílinn nýjan og var eini eigandinn. Trabbinn verður orðinn eins og nýr þegar dóttir okkar fær bílpróf eftir níu ár. Þá erfist hann í beinan kvenlegg yfir fjóra ættliði. Billinn er ekinn um 60.000 kílómetra á rúmlega hálfri öld og er vel gangfær, en það er svolítill vinna að „sjæna“ hann til. Þetta er Trabant P60 í upprunalega útlitinu sem var bara í framleiðslu til ársins 1964. Það eru ekki til margir Trabantar af þessari gerð í heiminum og mér er sagt þetta sé sá eini á Íslandi, þannig að maður er að bjarga ómetanlegum menningarverðmætum. Trabbinn er nefnilega stórmerkilegur bíll.“

TRABBINN VAR LANGT Á UNÐAN SINNI SAMTÍÐ „Trabbinn var framleiddur nánast óbreyttur í meira en þrjá áratugi, en þá vill gleymast að fyrir utan vélina var hann langt á undan sinni samtíð, þegar framleiðslan hófst hjá VEB í þýska alþýðulýðveldinu Austur-Þýskalandi árið 1958. Hann var með heilt búr og grind (monocoque) úr stáli. Í klæðninguna þróaði VEB endingargott Duroplast úr endurunnum bómullarafgöngum frá Sovétríkjunum og úrgangi frá litarefnaiðnaði. Trabbinn var með framhjóladrif og sjálfstæða fjöðrun sem var ekki algengt á



Júlíus fær hér andlitsmálun að eigin vali á öskudegi.

þessum árum. Eigin þyngd var innan við 600 kíló og aksturseiginleikarnir með því besta sem þekktist. En Trabantinn leið fyrir háværa, reykspúandi, 0,6 lítra tvígengisvél sem skilaði upphaflega aðeins 18 hestöflum. Vélin var ekki með smurkerfi og því þurfti að blanda smurolíu út í bensínið. Þar sem vélin var ekki heldur með bensíndælu var bensíntankurinn staðsettur fyrir ofan vélina til þess að að nýta þyngdaraflíð.“

„Bífreiðar og landbúnaðarvélar fluttu inn heilu skipsfarmana af Tröbbum í skiptum fyrir saltsíld og ullarvörur. Trabbinn gaf þúsundum Íslendinga tækifæri til að eignast bíl. Hann var upphaflega tákn hugvits og þróunar en síðar stöðnunar og hnignunar. Við fall Berlínarmúrsins árið 1989 varð Trabbinn svo tákn frelsis. Þúsundum saman brunuðu Trabbarnir í gegnum múrinn á vit frelsisins og margir þeirra voru skildir eftir á víðavangi. Eftir sameiningu Þýskalands söfnuðust Trabbarnir upp á ruslahaugum og urðu til vandræða. Tilraunir voru gerðar með bakteríur sem átu Duroplastið og dæmi eru líka um að geitur og svín hafi endurunnið heilu Trabbana.“

„Trabbinn er svo líttill og nettur að ég get næstum því haft hann uppi í hjónarúminu, en hann er reyndar í bílskúrnum hjá pabba.“

Svona sér Júlíus Trabantinn fyrir sér uppgerðan.



T.þ.v. Hjúkrunarfræðingarnir
Heiðrún Arnþórsdóttir og Svanbjörg
Pálsdóttir ásamt
Elínu H. Einarsdóttur,
iðnaðarheilsufræðingi, huga að
heilsu og velferð
starfsmanna.



FJARÐAÁL ER LEIÐANDI VINNUSTAÐUR Í HEILSUVERND

Á ÞESSARI OPNU ER FJALLAÐ UM HEILSU
OG FORVARNIR HJÁ ALCOA FJARÐAÁLI.

HVERS VEGNA SKIPTA ÞESSIR ÞÆTTIR
SVONA MIKLU MÁLI FYRIR FYRIRTÆKIÐ?

„Fjarðaál er leiðandi vinnustaður í heilsuvernd,“ segir Elín H. Einarsdóttir, iðnaðarheilsufræðingur. „Í fyrsta lagi eru forvarnir: að bygja brunninn. Okkar starfsmenn skilja að þessi (ítarlega heilsu- og forvarnavinna) er ekki vegna þess að fyrirtækið sé að skipta sér af þeirra heilsumálum, heldur að það er samvinnuverkefni starfsmanns og okkar að tryggja heilsu hans: við viljum bæði að hann geti átt fulla og farsæla starfsævi á vinnumarkaði. Þess vegna tökum við á heilsugæslunni hverjum starfsmanni fagnandi sem lætur vita í tíma ef hann finnur fyrir atvinnutengdum óþægindum. Þá getum við unnið saman að einhverri lausn.“

VÍÐTÆK VELFERÐARÞJÓNUSTA FJARÐAÁLS
Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa aðgang að víðtækri velferðarþjónustu í gegnum fyrirtækið Heilsuvernd sér að kostnaðarlausu. Heilsuvernd hefur sérhæft sig í að veita þjónustu á sviði heilsu- og vinnuverndar. Hverjum starfsmanni býðst að hámarki að nýta sér sex klukku-

stundir í þjónustu á ári og getur einnig ráðstafað þeim til maka eða barna.

Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að auknum lífsgæðum starfsmanna, auka færni til að takast á við óvænt áföll og erfiðleika, auka starfsánægju, minnka starfsmannaveltu, ásamt því að auka öryggi starfsmanna og ástvina þeirra.

Eftirfarandi þjónusta er í boði:

- Lífstílsráðgjöf
- Hjónabands- og fjölskylduráðgjöf
- Vandamál tengd fíkn
- Fjármálaráðgjöf
- Streitu- og tilfinningastjórnun
- Ráðgjafarþjónusta geðlæknis eða geðhjúkrunarfræðings
- Sálfræðiráðgjöf
- Lögfræðiráðgjöf
- Áfallahjálp
- Starfsendurhæfing.
- Aðstoð við að greina og meta úrræði vegna langvarandi heilsubreysts í nánustu fjölskyldu (foreldrar, makar og börn)
- Svefnmeðferð
- Ítarleg heilsufarsskoðun eftir 50 ára aldur

STYRKIR VEGNA VELFERÐAR OG HEILSU

Starfsmenn geta sótt um ýmsa styrki vegna velferðar og heilsu og er tilgangur þeirra einnig að auka lífsgæði starfsmanna. Meðal annars er styrkt líkamsrækt, laser-aðgerð, göngugreining eða innlegg ásamt meðferð hjá kíropraktor, sjúkráþjálfara, nuddara og fóttaaðgerðarfræðingi. Nýr styrkur mun bætast við í janúar 2017 en það ristilspeglun í forvarnarskyni gegn ristilkrabbameini. Sá styrkur er fyrir starfsmenn 50 ára og eldri og 45 ára og eldri ef fjölskyldusaga er um ristilkrabbamein.

HEILSA OG FORVARNIR Á HEILSUGÆSLU
FJARÐAÁLS

UHÖ er teymi hjá Alcoa Fjarðaáli sem starfar saman að umhverfis-, öryggis- og heilsumálum. Þrír starfsmenn heyra beint undir heilsuna, Elín H. Einarsdóttir, iðnaðarheilsufræðingur og hjúkrunarfræðingarnir Heiðrún Arnþórsdóttir og Svanbjörg Pálsdóttir. Í álverinu er vel útbúin heilsugæsla sem er opin alla virka daga frá 8-16 og hafa hjúkrunarfræðingarnir viðveru þar. Fjarðaál er einnig með samning við HSA um að veita þar lækniþjónustu tvisvar í viku, þrjá tíma í senn. Meginmarkmið starfsins er að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma hjá starfsmönnum.

Ábyrgð starfsmanna í forvörnum er að nota heyrnar- og öndunarvarnir þar sem við á og hirða vel um búnaðinn sinn. Einnig þurfa þeir þekkja efnin sem unnið er með og varast að fá þau í eða á líkamann. Mikilvægt er fyrir starfsmenn að passa líkamsbeitingu og leita á heilsugæslu strax ef einhver einkenni gera vart við sig.

Helstu verkefni í forvörnum eru:

- Víðtæk heilsufarsskoðun við ráðningu til að fá góða mynd af heilsufari sem hægt er að miða við ef breytingar á heilsu verða. Undirliggjandi heilsuvandamál eru einnig greind. Skoðun felur m.a. í sér heyrnar- og öndunarmælingu, hjartalínurit, heilsufarssögu, lækni-skoðun, sjónpróf og blóðþrýstingsmælingu.
- Í hverju starfi eru metnir áhættuþættir sem geta haft áhrif á heilsu starfsmanna, t.d. á heyrn, öndunarfæri og stoðkerfi. Mælingar eru gerðar á hávaða og loftgæðum.
- Allir starfsmenn í framleiðslu og iðnaðarmenn koma árlega í heyrnarmælingu og margir í öndunarmælingu ýmist á eins eða þriggja ára fresti. Á þriggja ára fresti eru einnig gerðar ítarlegri heilsufarsskoðanir.
- Fræðsla um forvarnir gegn atvinnusjúkdómum við upphaf starfs og svo reglubundið þegar starfmaður kemur í heilsufarsskoðun.
- Ef starfsmaður leitar á heilsugæslu með álagstengd stoðkerfisvandamál, húðvandamál eða ofnæmi er

reynt að finna rót vandans og leysa hann, ásamt því að meðhöndla einkennin.

- Læknir getur gefið út vinnutakmörkun á meðan starfsmaður er að jafna sig. Þannig er hægt að grípa inn í áður en vandinn verður langvinnur.

Auk öflugs forvarnarstarfs eru mörg önnur verkefni á könnu heilsuteymis. Starfsmenn geta leitað á heilsugæslu með hvaða heilsutengdu erindi sem er hvort sem þau eru vinnutengd eða ekki, og eru starfsmenn duglegir að nýta sér það. Meðalfjöldi koma á heilsugæslu er um 280 á mánuði.

Heilsugæslan býður upp á influensubólusetningar og ýmsar heilsu-mælingar svo sem á blóðþrýstingi, púls, hæð og þyngd. Hægt er að fá mældan blóðsykur, hemo-globin og kólesteról. Í boði er fyrir alla starfsmenn og verktaka að sækja reglulega námskeið í endurlífsgun og almennri skyndihjálp og sjá hjúkrunarfræðingar Fjarðaáls um þau námskeið, sem haldin eru mánaðarlega.

ÞEGAR HIÐ ÓVÆNTA GERIST: STYRKTARSJÓÐUR
STARFSMANNAFÉLAGSINS SÓMA

Fyrir nokkrum árum síðan setti starfsmannafélag Sóma upp styrktarsjóð í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Tilgangur Styrktarsjóðs starfsmannafélags Sóma er að styðja við bakið á starfsmönnum, mökum þeirra og börnum sem lenda í alvarlegum áföllum eða langvarandi veikindum. Sérstök nefnd sér um afgreiðslu og úthlutun styrkjanna og vinnur samkvæmt reglum um sambærilega sjóði. Framlag starfsmanna er 350 krónur á mánuði og greiðir fyrirtækið móttframlag að sömu upphæð.

Allir starfsmenn Fjarðaáls sem borgað hafa í sjóðinn í þrjá mánuði eða lengur geta og hafa jafnan rétt til úthlutunar úr sjóðnum. Upphæð styrks er kr. 300.000 og hver styrkþegi hefur rétt á einni úthlutun úr sjóðnum á 12 mánaða tímabili. Úthlutunarnefnd er heimilt að veita undanþágu um fleiri en eina úthlutun á ári.



Eftir aldamótin 1900 gegndi Krosshöfði mjög mikilvægu hlutverki sem verslunarstaður fyrir Fljótsdalshérað. Í Stapavík var vörum skipað upp alveg fram yfir árið 1950.



Alþjóðlegt átak á vegum Samfélagssjóðs Alcoa í Bandaríkjunum

HEILSUEFLINGAR-NEFND HELDUR FJARÐAÁLFUM Á HREYFINGU

HJÁ ALCOA FJARÐAÁLI ER STARFANDI SEX MANNA HEILSUEFLINGARNEFND SEM STENDUR FYRIR ÝMSUM VIÐBURÐUM Á HVERJU ÁRI FYRIR STARFSMENN FJARÐAÁLS OG VERKTAKA.

Á árinu 2016 stóð nefndin m.a. fyrir tíu svokölluðum „Alcoans in Motion“ viðburðum en það er alþjóðlegt átak á vegum Samfélagssjóðs Alcoa í Bandaríkjunum. Það snýst um að a.m.k. fimm manns taki sig saman, safni fleira fólki og hlaupi, syndi, gangi eða hreyfi sig á annan hátt í sameiginlegu átaki. Samfélagssjóðurinn styrkir átakið með 2.500 Bandaríkjadöllum, eða tæpum 300.000 krónum sem renna til góðs málefnis. Með þeim tíu viðburðum sem efnt var til á þessu ári, öfluðu sjálfboðaliðar samtals tæpum þremur milljónum til góðgerðarmála á Mið-Austurlandi.

FYRSTU TVEIR VIÐBURÐIRNIR:

SKÍÐAHELGI Í APRÍL

Átakið hófst með tveimur skíðaviðburðum í Stafdal og Oddsskarði snemma í apríl. Þátttakendur gátu farið í samhliða svigbrautir og fengið kennslu í skíðaþróttum. Í Stafdal söfnuðust tæpar 300.000

krónur sem runnu til starfsbrautar Menntaskólans á Egilsstöðum, og í Oddsskarði sama upphæð sem rann til starfsbrautar Verkenntaskóla Austurlands. Starfsbrautir eru námsbrautir fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, röskun eða fötlun. Framlagið nýttist unglingunum á starfsbraut til að gera eitthvað skemmtilegt saman.

NÆSTU TVEIR VIÐBURÐIR:

TÍMAR Í LÍKAMSRÆKT Í MAÍ

Í maíbyrjun var efnt til tveggja annarra viðburða, annars vegar stöðvaþjálfun og þrek hjá Elísabetu Sveinsdóttur og hins vegar jóga og slökun hjá Elínu Einarsdóttur en báðar leiðbeina þær í íþróttahúsinu á Reyðarfirði og gáfu sína krafta í sjálfboðavinnu. Þar söfnuðust tæpar 300.000 krónur sem runnu til Krabbameinsfélags Austfjarða sem þjónustar íbúa Fjarða-byggðar, Breiðdalsvíkur og Djúpavogs og aðrar tæpar 300.000 krónur sem runnu til Krabbameinsfélags Austurlands, sem þjónustar íbúa Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðar, Borgarfjarðar og Vopnafjarðar.

FIMM VIÐBURÐIR SAMA DAGINN:

„KOMDU Í SUND“

Þann 21. maí efndi heilsueflingarnefndin í samstarfi við Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað og

Seyðisfjarðarkaupstað til keppni milli sundkappa í sundlaugunum í Neskaupstað, á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Seyðisfirði. Á hverjum stað skráðu sjálfboðaliðar sig áður en þeir syntu og gáfu síðan upp vegalengdina sem synt var. Alls tóku 257 manns þátt í þessari skemmtilegu keppni og syntu samtals rúma 144 km. Styrkirnir fimm, hver að upphæð tæpar 300.000 krónur, renna til hjúkrunarheimilanna á stöðunum þar sem synt var, og verða notaðir til þess að lífga upp á tilveru þeirra sem þar dvelja.

Staðirnir eru:

- Hjúkrunarheimili FSN í Neskaupstað
- Hulduhlíð á Eskifirði
- Uppsalar í Fáskrúðsfirði
- Dyngjan, Egilsstöðum
- Hjúkrunarheimili Sjúkrahúss Seyðisfjarðar

Svanbjörg Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Fjarðaáli er að vonum hæstánægð með afraksturinn. „Við í nefndinni erum algjörlega himinlifandi yfir þátttökunni og stemningunni í sundkeppninni,“ segir hún. „Það kom upp mikið keppnisskap í stóru sundlaugunum á Eskifirði og í Neskaupstað og mjótt var á munum. Að vonum var rólegri í litlu innisundlaugunum á Fáskrúðsfirði og Seyðisfirði en markmiðið náðist og allir höfðu gaman



af. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá hvað krökkunum fannst þetta sniðugt og þau voru hróðug að segja hvað þau syntu mikið.”

TÍUNDI OG SÍÐASTI VIÐBURÐURINN:

FJÖLSKYLDUGANGA Í STAPAVÍK

Stór hópur starfsmanna á öllum aldri tók þátt í göngu til Stapavíkur, um 9 km leið, undir leiðsögn Hafþórs Snjólfs Helgasonar. Stapavík er lítil klettavík við ósa Selfjóts á Héraði. Minjar eru þar um upp- og útskipunarhöfn. Styrkurinn sem göngumenn öfluðu, tæpar 300.000 krónur, fór til Ásheima á Egilsstöðum sem er mann- og geðræktarmiðstöð, rekin af Fljótsdalshéraði. Markmiðið með starfi Ásheima er að vinna gegn félagslegri einangrun og skapa aðstæður fyrir fólk til að byggja sig upp andlega.



Yngsta kynslóðin lét sig ekki vanta í þessa fjölskyldugöngu í Stapavík.

Göngumenn notuðu tækifærið og tíndu rusl sem komið var í endurvinnslu.

Styrkþegar og
fulltrúar styrkþega
vorið 2016 saman-
komnir fyrir utan
Valaskjálf



BER ER HVER AÐ BAKI NEMA SÉR BRÓÐUR EIGI

ALCOA FJARÐAÁL LEGGUR SITT AF
MÖRKUM TIL AÐ STUÐLA AÐ FRAMGANGI
GÓÐRA MÁLA Á AUSTURLANDI. FYRIR-
TÆKIÐ TEKUR RÍKAN ÞÁTT Í SAMFÉLAGS-
MÁLUM OG VEITIR MARGVÍSLEGA STYRKI
MEÐ ÝMSUM LEIÐUM.

Annars vegar koma styrkir frá Samfélagssjóði Alcoa
(Alcoa Foundation) í Bandaríkjunum og hins vegar beint
frá Alcoa Fjarðaáli.

Á þessari síðu er sagt frá afhendingu samfélagsstyrkja
Fjarðaáls og á næstu síðum er að finna dæmi um
nokkur verkefni sem hlutu styrk á árinu 2015 og 2016.
Styrkir frá Samfélagssjóði Alcoa (Alcoa Foundation)
eru veittir til mjög stórra verkefna og annars staðar í
blaðinu er sagt frá slíkum styrk til Háskólans í Reykja-
vík. Frá Alcoa Foundation koma líka styrkir með sjálf-
boðaliðaverkefnum starfsmanna Fjarðaáls sem kallast
„Alcoans in Motion“ og „Action“ en um þau verkefni er
fjallað á bls. 14-15 og 28-29. Einnig styrkir fyrirtækið
samtökin Vini Vatnajökuls og ýmislegt annað.

Árið 2016 veitti Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa um
120 milljónir króna í styrki til fjölbreyttra samfélags- og
umhverfisverkefna á Austurlandi.

39 AÐILAR FENGU STYRK ÚR STYRKTARSJÓÐI
ALCOA FJARÐAÁLS ÁRIÐ 2016
Tvisvar á ári auglýsir Alcoa Fjarðaál eftir umsóknum
um styrki úr Styrktarsjóði Fjarðaáls. Í reglum um
styrktarsjóðinn segir m.a.: „Sótt er um styrki allt að
einni milljón króna hjá Alcoa Fjarðaáli. Stuðningur
er einungis veittur frjálsum félagasamtökum eða
stofnunum á Mið-Austurlandi. Ekki eru veittir styrk-
ir til einstaklinga, stjórnálasamtaka, trúfélaga
eða til almenns reksturs félaga.“ Því eru aðilar
hvattir til þess að sækja um sérstök verkefni í þágu
samfélagsins. Formleg athöfn af tilefni styrkveitinga
frá Styrktarsjóði Fjarðaáls er yfirleitt haldin í júní og
nóvember.

6,3 MILLJÓNIR Í JÚNÍ
Alls fengu 19 aðilar styrki þann 9. júní 2016 og nam
heildarstyrkupphæð í fyrri úthlutun þess árs 6,3
milljónum króna. Héraðsskjalasafn Austfirðinga hlaut
hæsta styrkinn eða eina milljón króna. Styrkurinn er
veittur til að koma öllum kvikmyndafilmum, mynd-
böndum, segulböndum og snældum um héraðs- og
menningarsögu Austurlands á stafrænt form. Hér
fyrir neðan má sjá lista yfir þá aðila sem hlutu styrk í
vorúthlutun Styrktarsjóðs Fjarðaáls.

Geðsjúk baráttusamtök.
„Faces of depression“ verkefnið: ljósmyndun á
andlitum þunglyndra á Austurlandi.
Félag heyrnarlausra.
Upptökuhljóðver til framleiðslu á fræðslu og efni á
táknmáli t.d. Tinnu táknmálsálfi.
Foreldrafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar.
Endurnýjun á endurskinsvestum fyrir yngsta stig
skólans.
Jassklúbbur Egilsstaða.
Hljómsveitarnámskeið á Austurlandi.
Minjasafn Austurlands.
Verkefnið Fest Tråden; rannsaka og bera saman
útsaum kvenna á Austurlandi og Vesterålen í Noregi.
Myndlistarfélag Fljótssdalshéraðs.
Afmælissýning og samstarfsverkefni allra félaga sem
stendur frá 17. júní til 8. október 2016.



Styrkþegar í
desember 2016
ásamt fulltrúum
Alcoa Fjarðaáls.

Náttúrustofa Austurlands.
Að halda 5 daga náttúrufræðinámskeið fyrir börn 8-10
ára samhliða gönguvikunni „Á fætur í Fjarðabyggð.“
Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan.
Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar sumarið 2016.
Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.
Þátttökugöld á lúðrasveitarmót.
Ungmennafélagið Neisti.
Forvarnarstarf í formi fyrirlestra og fræðslu,
„Edrúlfíð fyrir alla.“
Ungmennafélagið Valur.
Byggja upp íþróttina Tchoukball á Austurlandi.
Listaakadémía Verkmenntaskóla Austurlands.
Búningagerð fyrir leikritið „Lovestar“
eftir Andra Snæ Magnason.
7. bekkur Vopnafjarðarskóla.
Þátttaka í First Lego League keppni á Tenerife í maí sl.
Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi (ÆSKA).
Farskóli leiðtogaefna á Austurlandi
fyrir 14-17 ára unglinga.
Björgunarsveitin Hérað.
Kaup á nýjum sjúkratöskum í farartæki sveitarinnar.
Lortur framleiðslufélag ehf.
Gera heimildarmyndina „Blindrahundur“ sem fjallar um
myndlistarmanninn Birgi Andrésson sem lést 2007.
Gunnarsstofnun í samvinnu við Sviðsverk.
Setja upp leiksýninguna „Sælir eru einfaldir“ sem er
byggð á samnefndri bók Gunnars Gunnarssonar.
Menningarmiðstöð Fljótssdalshéraðs - Sláturhúsið.
Þjóðleikur á Austurlandi.
Héraðsskjalasafn Austfirðinga.
Stafræn afritun á hljóð- og myndefni um héraðs-
og menningarsögu Austurlands.

AÐRAR SEX MILLJÓNIR Í BYRJUN DESEMBER
Alls fengu 20 aðilar styrki í haustúthlutun 2016 og nam
heildarstyrkupphæð tæpum 6 milljónum króna. Hér
fyrir neðan má sjá lista yfir þá aðila sem hlutu styrk
í haustúthlutun Styrktarsjóðs Fjarðaáls.

Björgunarsveitin Ársól.
Kaup á bifreið.
Félag áhugafólks um fornleifafræði í Stöðvarfirði.
Uppgröftur landnámskála í Stöð í Stöðvarfirði.

Kammerkór Egilsstaðarkirkju.
Uppsetning á Messías eftir G.F. Handel.
List í ljósi.
Útilistahátíð með ljósið sem þema.
Ferðafélag Fljótssdalshéraðs.
Setja upp vörður við 22 heiðarbylí á Jökuldals-
og Vopnfjarðarheiði.
Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri.
Viðhald og uppbygging innviða göngusvæðisins
á Víknaslóðum við Borgarfjörð eystri.
Breiðdalssetur.
Gerð göngukorts af svæðinu Breiðdal, Stöðvarfirði
og Fáskrúðsfirði.
Félagsmiðstöðvar í Fjarðabyggð.
Ungmennahátíðin Kuldaboli 2016.
SamAust – samtök félagsmiðstöðva á Austurlandi.
Koma margvíslegum verkefnum af stað.
Sláturhúsið – menningarmiðstöð Fljótssdalshéraðs.
Heiðurs- og yfirlitstónleikar í tilefni af 75 ára afmæli
Ronnie James Dio.
TAK – tengslanet austfirskra kvenna.
10 ára afmæli félagsins með veglegri vetrardagskrá.
Dropinn – styrktarfélag barna með sykursýki.
Sumarbúðir barna með sykursýki í Skagafirði
sumarið 2017.
Hjartavernd – rannsóknamiðstöð.
Endurútgáfa forvarnar- og fræðslubæklinga
um t.d. offitu, reykingar o.fl.
Brettafélag Fjarðabyggðar.
Snjóþrekkaskóli fyrir yngri krakka og byrjendur
Jassklúbbur Egilsstaða.
Jazzhátíð Egilsstaða 2016.
Foreldrafélög grunnskóla Fljótssdalshéraðs.
Sjálfstyrkingarnámskeiðið „Út fyrir kassann“
fyrir unglingastig drengja.
9. bekkur Nesskóla.
Uppsetning á Galdrakarlinum í Oz.
Ungmennafélag Borgarfjarðar eystra.
100 ára afmælisdagskrá félagsins 2017.
MMF - málfundafélag ME.
Styrkja starf MMF og þátttöku í Morfís.
Dagsþjónustan Vinabær á Egilsstöðum.
Kaup á spjaldtölvu fyrir starfseminu.

TVÆR BRÝR BÆTTAR Í BORGARFIRÐI EYSTRA

Náttúrufegurð Borgarfjarðar eystra er mörg-um þekkt enda er þetta landsvæði vinsælt til dvalar og gönguferða. Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystra fékk styrk frá Fjarðaáli haustið 2015 til þess að bæta aðstæður og öryggi göngufólks með uppbyggingu og lag-færingu tveggja brúa á svæðinu.

Hafþór Snjólfur Helgason, landfræðingur og margmiðlunarhönnuður, sem er formaður Ferðamálahóps Borgarfjarðar eystra, útskýrir hvað félagar tóku sér fyrir hendir: „Önnur brúin liggur yfir Lambadalsá í botni Borgarfjarðar á leiðinni sem liggur til Loðmundarfjarðar um Kækjuskörð. Brúin fór í vatnavöxtum í fyrra en er nú aftur komin í toppstand. Hin brúin er yfir Fjarðará í Loðmundarfirði. Skipt var um allt timbur í brúnni og hún breikkuð. Meðlimir Ferða-félags Fljótsdalshéraðs unnu að því verki með stuðningi Borgarfjarðarhrepps og Gönguklúbbs Seyðisfjarðar.“



GLAMÚRGALATÓNLEIKAR Í TÓN-LISTARMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS

Samfélagssjóður Alcoa Fjarðaáls fagnar fjölbreytni í menningar- og tónlistarlífi á Austurlandi og styrkti hann meðal annars svokallaða Glamúrgalatónleika sem haldnir voru í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði í mars sl.

Erla Dóra Vogler, söngkona og Eva Þyri Hilmarsdóttir, plánóleikari stóðu fyrir tón-leikunum í samvinnu við Tónlistarmiðstöðina. Að sögn Erlu Dóru fluttu þær margvíslega slagara, „lög úr heimspekktum óperettum og söngleikjum sem ná inn í hjarta allra, sama á hvað tungumáli þau eru flutt“ Erla Dóra og Eva Þyri eru báðar ættaðar af Austurlandi og hófu tónlistarnám við tónlistarskóla þar. Þær héldu svo áfram tónlistarnámi í Reykjavík og utan landsteinanna en hafa nú báðar snúið heim til Íslands og starfa sem tónlistarmenn. Þær hafa leikið saman frá haustinu 2013 sem dúóið Ljóðafljóð og komu nú fram saman á heimastöðvum sínum og fluttu úrval bestu söngtónlistar Vínarborgar með stæl.

Markmiðið með verkefninu var að auka á fjölbreytni þeirrar tónlistar sem boðið er upp á á tónleikum á Austurlandi og kynna Austfirðinga fyrir hinni leikandi heillandi, léttu, en um leið klassísku, Vínartónlist. Rúmlega 40 manns mættu á tónleikana sem voru mjög líflegir og tónleikagestir jafnt sem flytjendur voru ánægðir með kvöldið.



BRAM „BROSTU ÞÁ MARGIR HEYRANLEGA“

– Sýning í tilefni af 160 ára fæðingarafmæli Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnasafnara

Haustið 2015 veitti Alcoa Fjarðaál Héraðs-skjalasafni Austfirðinga styrk til að halda sýningu í tilefni af því að 160 ár voru liðin frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagna-safnara. Sigfús var fæddur á Miðhúsum 21. október 1855 og er þekktastur fyrir verkið Íslenskar þjóðsögur og sagnir.

Bára Stefánsdóttir hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga segir okkur frá sýningunni: „Laugardaginn 31. október var haldin Sigfús-arvaka í Safnahúsinu á Egilsstöðum sem um 40 gestir mættu á. Þar var fjallað um ævi Sigfúsar og störf auk þess sem þjóðsögur, sagnir og ljóð úr safni hans voru flutt á fjöl-breyttan hátt. Vakan fór fram í kjallara Safna-hússins og við sama tilefni var opnuð sýning um Sigfús. Á sýningunni voru meðal annars veggspjöld sem kynntu ævi og störf Sigfúsar. Einnig var hægt að skoða valda sögustaði á gagnvirku korti í tölvu og hlusta á upplestur á sögum sem tengdust þeim.“

Sýningin og vakan voru samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Minjasafns Austurlands og Bókasafns Héraðsbúa. Fjöl-margir hópar heimsóttu sýninguna, þ.á.m. grunn- og framhaldsskólanemar og eldri borgarar úr félagsmiðstöðinni Hlymsdölum.

KULDABOLI: hátíð heilbrigðis og fjörs

Árið 2016 var hátíðin Kuldaboli haldin í sjöunda skipti í hinu glæsilega íþróttahúsi Fjarðabyggðarhöllinni. Hátíðin hefur verið styrkt í haustúthlutun Fjarðaáls 2014, 2015 og 2016 en hún hefur nú fest sig í sessi sem árlegur viðburður fyrir unglinga á Austurlandi.

Bjarki Ármann Oddsson, íþrótta- og tóm-stundafulltrúi Fjarðabyggðar segir um Kuldabola 2016: „Hátíðin stendur fyrir heil-brigði og fjör. Um er að ræða umfangsmestu unglingahátíð sem haldin er árlega í þessum landshluta en í ár mættu um 250 ungmenni frá öllu Austurlandi.“ Meðal efnis á dagskrá voru íþróttsmíðjur, skemmtiatriði, tónlistarvið-burðir, grillveisla og fleira. Í ár steig á stokk hin geysivinsæla rapphljómsveit Úlfur Úlfur og skemmti ungmennunum.

„Hátíðin tókst ljómandi vel og það voru þreyttir en ánægðir unglingar sem fóru heim til sín á sunnudagsmorgninum,“ segir Bjarki Ármann. Ennfremur bætir Bjarki við: „Stór hópur sjálfbóðaliða og styrktaraðila kom að hátíðinni eins og ætíð en langstærsti styrktaraðilinn er Fjarðaál og er sá peningur notaður til að niðurgreiða kostnaðarþátt-töku barnanna, sem er algjörlega ómetan-legt. Fjarðabyggð vonast eftir góðu og löngu samstarfi við Fjarðaál um Kuldabola og vil ég hér með koma fram miklu þakklæti frá skipu-leggjendum.“



ÞAR SEM BJÖRKIN DAFNAR – einstök saga kvenfélags

Í fjölmiðlum á Íslandi er ekki oft fjallað um starfsemi kvenfélaga sem flest vinna góð-verk sín í hljóði. Kvenfélagið Björk hefur til dæmis ekki verið á allra manna vörum en nýútkomin saga félagsins, sem Alcoa Fjarðaál styrkti, leiðir í ljós hversu djúp fótspor þetta kvenfélag hefur skilið eftir sig.

Bókin Þar sem Björkin dafnar spannar sögu Kvenfélagsins Bjarkar í Hjaltastaðapinghá á 85 ára tímabili en félagið var var stofnað árið 1930. Fljótlega hófu konurnar að safna fé til byggingar félagsheimilis í sveitinni. Árið 1934 stofnuðu þær fjárbú sem sennilega á fáa sína líka. Hver félagskona fóðraði eina á og gaf allar afurðir hennar til félagsins. Þetta var um árabil helsta tekjulind félagsins en einnig söfnuðu konurnar fé með öðrum hætti, t.d. með kaffisölu og skemmtanahaldi.

Auk þess að leggja til fjórðung þess fjárs sem kostaði að byggja félagsheimilið Hjaltalund og styðja rekstur þess með ýmsum hætti hefur kvenfélagið Björk stutt Hjaltastaðar-kirkju með góðum gjöfum og gefið fé til líknar- og menningarmála bæði innan sveitar og utan.

Soffía Ingvarsdóttir sem er í stjórn félagsins segir: „Það má kalla talsvert þrekviki fyrir lítið kvenfélag að ráðast í bókaútgáfu en með því viljum við félagskonur leggja okkar af mörkum til að varðveita sögu forvera okkar.“



„SÆLIR ERU EINFALDIR“

– leikræn innsetning á Skriðuklaustri

Sviðslistahópurinn Sviðverkur vann verkefnið Sælir eru einfaldir í samstarfi við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri sumarið 2016 með styrk úr samfélagssjóði Alcoa Fjarðaáls.

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar segir um verkið: „Skáldsögu Gunnars Gunnarssonar frá 1920 var umbreytt í innsetningu þar sem framvindan var sniðin í kringum upplifun og skynjun áhorfandans. Fólki var boðið að stíga inn í heim bókarinnar og upplifa framvindu hennar á eigin skinni í formi leikrænnar innsetningar. Unnið var með rými Skriðuklausturs á gagnvirkan hátt við að endurskapa heim bókarinnar sem áhorfendum gafst svo kostur á að ferðast um og rannsaka á meðan á sýningunni stóð.“

Meginsýningin stóð í þrjá daga en hluti hennar í fjórar vikur. Á daginn gátu gestir hlustað á sumar hljóðmyndirnar í heyrnartólum en á kvöldin voru allar hljóðmyndir keyrðar gegnum hátalara og lýsing naut sín til fullnustu. Skúli segir að lokum: „Óhætt er að segja að mögnuð stemmning hafi skapast í Gunnarshúsi og gestir orðið fyrir hughrifum.“



MIKIL STEMMING Á LÚÐRASVEITAMÓTI

Blásarasveit Eskifjarðar og Reyðarfjarðar fékk styrk frá Fjarðaáli til þess að taka þátt í landsmóti lúðrasveita sem haldið var í Garðabæ vorið 2016. Gillian Haworth, skólastjóri Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar segir að mótið hafi verið skemmtilegt og vel skipulagt, þar sem börnin voru skipuð í hljómsveit eftir getu.

„Börnin fengu boli í mismunandi litum,“ segir Gillian. „Þau í svörtu bolunum tóku þátt í flutningi á stórkostlegu tónverki þar sem fleiri en fimmtíu slagverksleikarar spiluðu saman. Yngsti trompet-nemandinn okkar var hins vegar í rauðu sveitinni ásamt níutíu og níu öðrum krökkum. Krakkarnir í grænu sveitinni spiluðu lög eins og „Jungle Drum“ í lúðrasveitautsetningu. Í bláu sveitinni voru um áttatlu krakkar sem eru komnir vel áfram í námi og jafnvel búnir með grunnprófið sitt. Þarna mátti heyra fágaðri tónlistarflutning í krefjandi samspilsverkum.“

Að sögn Gillian var á tónleikunum spilað fyrir stútfullu íþróttahúsi og það var gríðarlega mikil stemming í salnum. „Nemendur koma alltaf til baka úr lúðrasveitamótum uppfullir af spilagleði og metnaði. Við þökkum kærlega fyrir fjárhagsaðstoð Fjarðaáls sem gerði okkur kleift að taka þátt.“

EDRÚLÍFIÐ ER FYRIR ALLA

Ungmennafélagið Neisti hefur um árabíl staðið fyrir forvarnarstarfi í formi fyrirlestra og fræðslu á Hammondhátíðinni á Djúpavogi undir merkinu „Edrúlíf fyrir alla.“ Í sumar var fyrirlestraröðin haldin í fjórða sinn en Alcoa Fjarðaál hefur verið einn helsti styrktaraðili hennar.

Pálmi Fannar Smárason, sjómaður á Djúpavogi er aðalhvatamaður Edrúlífsins og hann segir: „Það er algerlega Alcoa að þakka að við getum gert þetta á hverju ári. Við sjáum árlega aukningu í mætingu og í ár voru um 85 manns. Það eru unglingar, foreldrar, AA fólk og aðstandendur. Og svo bara fólk sem hefur áhuga á því að lifa lífinu án áfengis.“

Að sögn Pálma Fannars hefur samkoman leitt í ljós fyrir mörgum að líf án áfengis sé alveg jafn skemmtilegt en bara meira töff. „Það er fólk frá Hornafirði og alla leiðina á Vopnafjörð sem hefur komið til okkar og margir ár eftir ár enda auglýsingum við Edrúlífið víða,“ segir hann.



ÁHUGAVERT TÓNLISTARSUMAR Í SEYÐISFJARÐARKIRKJU

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 af Muff Worden tónlistarkennara og Sigurði Jónssyni verkfræðingi. Styrkir frá sjóðum og fyrirtækjum á Austurlandi, m.a. Alcoa Fjarðaáli, hafa gert það kleift að starfrækja tónleikaröðina óslitið frá upphafi.

Í sumar fóru tónleikarnir fram vikulega í Seyðisfjarðarkirkju. Lögð hefur verið áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika þar sem klassísk tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari músík fá að njóta sín.

Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú hélt utan um tónleikaröðina í ár. „Tónleikaröðin er orðin vel þekkt um allt land,“ segir hún, „og berast ávallt margar umsóknir frá tónlistarfólki í fremstu röð. Færri komast að en vilja og má því segja að hér hér sé mikilvægur vettvangur fyrir íslenska tónlistarmenn. Tónleikarnir fara fram á miðvikudagskvöldum sem er dagurinn fyrir brottför ferjunnar Norrænu og eru því gestir um níutíu prósent erlendir. Góður rómur er gerður að flygli og hljómburði í Seyðisfjarðarkirkju og aðstaða því með besta móti til tónleikahalds.“ Þess má geta í lokin að tæplega fjögur hundruð manns sóttu tónleika Bláu kirkjunnar sumarið 2016.

FJALLALEIÐSÖGUBÓKIN 101 AUSTURLAND

- Tindar og toppar

Haustið 2015 veitti Samfélagssjóður Alcoa styrk til útgáfu fjallaleiðsögubókarinnar 101 Austurland - Tindar og toppar eftir Skúla Júlíusson en hún kom út í júlí 2016.

Í bókinni eru upplýsingar, kort, myndir og leiðarlýsingar af gönguleiðum á 101 fjall á Austurlandi. Á hverju korti er einnig QR-kóði sem hægt er að skanna með síma eða spjaldtölvu og fá Wikiloc kort af leiðinni.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir hjá Bókstaf ehf. sem gaf út bókina segir að henni hafi verið vel tekið og að þegar sé vinna hafin við að þýða hana á ensku og þýsku, vegna fjölda fyrirspurna. „Auk útgáfu bókarinnar á erlendum tungumálum koma í það minnsta tvær bækur í viðbót út undir merkjum 101 Austurlands,“ segir hún. „Þær eru Gönguperlur og Gamlar samgönguleiðir.“ Nokkrar gönguleiðir og myndir úr bókinni eru aðgengilegar á vefnum 101austurland.is.





Luke Tremblay tekur á móti viðurkenningu árið 2012 frá raforkufyrirtækinu Hydro Québec fyrir bættu orkunútingu álversins í Baie-Comeau.

ÞIÐ GETIÐ VERIÐ MJÖG STOLT AF FJARÐAÁLI

Luke Tremblay hafði skilað sínu sem farsæll stjórnandi hjá Alcoa í Kanada, þegar honum bauðst að fara til Íslands í ársbyrjun 2015 og miðla Fjarðaáli af 30 ára reynslu sinni í áliðnaðinum. Fjarðaálsfréttir náðu tali af þessum geðþekka Kanadamanni áður en hann hélt aftur heim til Kanada. Luke sagði okkur meðal annars frá uppvexti sínum í fyrirmyndarbæ Alcoa, öllum störfunum sem hann gegndi í álverinu í Baie-Comeau og upplifun hans sem framkvæmdastjóra framleiðslu hjá Fjarðaáli í hálf tannað ár.

ALINN UPP Í FYRIRMYNDARBÆ ALCOA Í QUÉBEC
Luke Tremblay kemur frá Québec í austurhluta Kanada. Québec er víðfeðmasta fylki Kanada og það næstfjölmennasta, með 8,2 milljónir íbúa sem flestir eru frönskumælandi. Í Québec hefur vatnsafl verið nýtt til að þróa öflugan áliðnað og Alcoa starfrækir þar þrjú álver: Baie-Comeau, Bécancour og Deschambault. Í gangsetningunni fékk Fjarðaál góðan liðsstyrk frá álverunum í Québec, en Luke hafði þó aldrei komið til Íslands þegar kallið kom frá Fjarðaáli.

„Ég ólst upp í bænum Arvida. Alcoa stofnaði bæinn árið 1927 við álver sem fyrirtækið reisti þar undir merkjum kanadíska dótturfyrirtækisins Alcan. Nafnið Arvida var sett saman úr upphafsstöfum forstjóra Alcoa, Arthur Vining Davis. Álverið í Arvida var orðið það stærsta í heimi um miðja síðustu öld og markaðsstaða Alcoa í Norður-Ameríku svo sterk að samkeppnisyrivöld

í Bandaríkjunum skipuðu fyrirtækinu að selja Alcan árið 1950. Faðir minn vann í álverinu í 38 ár og húsið okkar var í örskotsfjarlægð frá álverinu sem var mjög spennandi vinnustaður fyrir lítinn strákur. Kerskálarnir voru 20 talsins og álverið framleiddi sín eigin kolefnisskaut og sitt eigið súrál úr bákíti.“



„Arvida átti að vera fyrirmyndarbær. Í búðarhúsin þóttu mjög myndarleg. Æskuheimili mitt er rétt vinstra megin við myndina. Flestir urðu starfsmenn álversins um 7.500 á sjötta áratug 20. aldar. Göturnar mynduðu stafina í nafninu ARVIDA. Hér má sjá bókstafinn A. Núna er Arvida hluti af 150.000 manna borg sem kallast Saguenay. Borgarstjórnin hefur verið að reyna að koma Arvida á heimsminjaskrá UNESCO sem fyrirmyndar-fyrirtækisbæ.“

Arvida komst aftur inn á kort áliðnaðarins með AP60 „Stórum hluta álversins í Arvida hafði verið lokað um aldamótin síðustu, en Arvida komst aftur inn á kort áliðnaðarins þegar Rio-Tinto Alcan ákvað að reisa þar



tilraunakerlínu með Pechiney AP60 rafgreiningarkerum sem eru hönnuð fyrir 600 kílóampera straum. Framleiðsla hófst árið 2013. Þótt kerin séu aðeins 38 er afkastagetan um 60.000 tonn á ári.“

FIMM KERLÍNUR OG MEIRA EN 2.000 STARFSMENN Í BAIE-COMEAU
Luke Tremblay hóf háskólanám aðeins 17 ára gamall. „Fyrst var ég eitt ár í Montréal og fór svo til Ottawa, höfuðborgar Kanada, í efnaverkfræði. Þegar ég útskrifaðist árið 1984 var skollin á djúp efnahagslægd og fyrirtæki héldu að sér höndum í ráðningum. Álver Reynolds Metals í Baie-Comeau var undantekning. Þar var ráðist í að byggja nýja kerlínu með 150.000 tonna framleiðslugetu. Ég fékk vinnu í Baie-Comeau við nýju AP18 kerlínuna sem var hönnuð fyrir 180 kílóampera straum. Fyrir voru þrjár eldri Söderberg kerlínur með samanlagt um 150.000 tonna framleiðslugetu. Árið 1990 var svo annarri AP18 kerlínu bætt við og ársframleiðslan fór upp í 450.000 tonn og starfsmenn urðu rúmlega tvö þúsund. Ég byrjaði sem framleiðslu-sérfræðingur og varð svo yfirverkfræðingur og síðan framkvæmdastjóri kerskálans árið 1990. Sex árum síðar fór ég yfir í steypuskálann og varð framkvæmdastjóri þar. Alcoa yfirtók Reynolds Metals árið 2000 og því fylgdu eðlilega nokkrar breytingar. Árið 2004 varð ég framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar og tveimur árum síðar framkvæmdastjóri mannauðsmála í önnur tvö ár, áður en ég tók við starfi verksmiðjustjóra.“

„ÞIÐ GETIÐ VERIÐ MJÖG STOLT AF FJARÐAÁLI“
„Ég fór sjálfur á eftirlaun 53 ára gamall 2014. Börnin þrjú voru þá farin að heiman og við Sonia konan mín ákváðum að flytja til Québec City. Ég hafði ekkert afskrifað að fara aftur út á vinnumarkaðinn, en átti síst af öllu von á að það yrði á Íslandi. Mér fannst verkefnið hjá Fjarðaáli mjög áhugavert og landið heillaði líka. Verkefni mitt var að leggja yfir gögn úr framleiðslunni og koma auga á tækifæri til umbóta. Móttökurnar voru frábærar. Fólkið hérna er afar vingjarnlegt og við hjónin höfum notið þess innilega að búa hérna og ferðast um landið.“


Er mikill munur á Baie-Comeau og Fjarðaáli? „Ég finn ekki mikinn menningarmun. Gildin eru þau sömu. Umhverfi, heilsa og öryggi hafa forgang. Heilindi, virðing og umhyggja einkenna samskipti og samfélagsleg ábyrgð er sterk. Ég tel því mjög skynsamlegt að hafa kanadíska álverin og Fjarðaál undir sömu yfirstjórn. Þið getið verið mjög stolt af Fjarðaáli. Starfsmenn eru helgaðir. Allir leggjast á eitt og samband framleiðslu og viðhalds er til fyrirmyndar. Samskiptin hérna eru hröð og góð. Fólk er opið fyrir umbótum og bregst vel við breytingum. Öll álver ganga í gegnum erfið tímabil, en það er magnað hversu vel hefur gengið að ná aftur stöðugleika hjá Fjarðaáli.“

Luke hefur ekki áhyggjur af framtíð Fjarðaáls þótt álverð sé í lægri kantinum og Alcoa hafi þurft að loka álverum. „Þið hafið góðan grunn og skýran vegvísi inn í framtíðina. Besta leiðin til að auka samkeppnishæfni er að bæta framleiðsluferlin. Meiri og verðmætari framleiðsla er allra hagur. Fjárfesting í nýjum brjótum í kerskála minnkar vinnuálag, lækkar viðhaldskostnað, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og gefur möguleika á hærri straum. Átta tíma vaktakerfið var líka mikilvæg breyting til framtíðar. Aðhald má aldrei koma niður á stöðugleika og helgun starfsmanna.“



Pechiney AP60 kerunum svipar mjög til AP30 keranna hjá Fjarðaál, en skautin eru fleiri og kerin því lengri og kerskálarnir breiðari. Eitt AP60 ker getur framleitt meira en 4,5 tonn af áli á sólarhring. Til samanburðar framleiðir hvert AP30 ker hjá Fjarðaáli rúmlega 2,8 tonn á sólarhring.

Þessi teikning af Luke birstist í „Austur-glugganum“ í Baie-Comeau. Gagnrýnendur vildu meina að Alcoa hefði ekki hreinsað svæði við álverið sem skyldi. Luke sagði í fjölmiðlum að fólk hefði ekkert að óttast, hann skokkaði þarna sjálfur reglulega með hundinum sínum.



ALSJÁLFVIRK EFNAGREINING ÁLBRÁÐAR Í RAUNTÍMA — EYKUR FRAMLEGÐ OG GÆÐA- STÝRINGU Í FRAMLEIÐSLUNNI

VIÐ FRAMLEIÐSLU Á ÁLI ERU REGLULEGA
TEKIN SÝNI ÚR ÁLBRÁÐ TIL AÐ FYLGJAST
MEÐ MAGNI SNEFILEFNA Í ÁLINU OG
HVORT INNIHALDIÐ SÉ Í SAMRÆMI VIÐ
ÞAU GÆÐI SEM VIÐSKIPTAVINIRNIR GERA
KRÖFU UM M.T.T. ÞEIRRA VARA SEM BÚA Á
TIL ÚR ÁLINU.

Það geta verið vírar í rafmagnskapla, álfelgur, íhlutir
í þotuhreyfla eða bílvélar, burðarvirki í farþegaþotur,
pottar og pönnur eða hvað annað sem nöfnum tjáir að
nefna. Sem dæmi má nefna að hjá Fjarðaáli eru tekin
meira en 340 sýni á sólarhring, rúmlega 90 í steypu-
skála og yfir 250 í kerskála. Þau eru send til rann-
sóknarstofunnar í álverinu þar sem þau eru greind og
stundum líður allt að sólarhringur áður en niðurstöður
greininga liggja fyrir. Ef hægt væri að greina niðurstöð-
urnar tafarlaust í kjölfar sýnatökunnar er ljóst að mikill

tími sparaðist auk þess sem gæðastýring framleiðsl-
unnar myndi batna. Hjá Fjarðaáli hefði slík tækni einnig
í för með sér aukið svigrúm til að endurblanda ál gæfu
niðurstöður sýnatökunnar tilefni til þess.

Nú bendir allt til þess að tæknin sé orðin að veru-
leika því íslenska frumkvöðlafyrirtækið Dynamic
Technology Equipment (DTE) hefur þróað aðferð sem
notar laserljós til efnagreiningar á álbráð í rauntíma.
Þegar þetta er skrifað er verið að undirbúa uppsetn-
ingu á frumgerð búnaðarins hjá Norðuráli þar sem hann
verður staðsettur við rennu þar sem hreint ál rennur
úr biðofni í hleifamót. Efnagreiningarferlið verður
alsjálfvirkt þar sem notandinn (álverið) ákveður tíðni
greininga. Einnig er ætlunin að innleiða efnagreiningu í
feril róbóta hjá álverinu. Róbótarnir hafa það hlut-
verk að hreinsa gjall og skúm ofan af áli í deiglu áður
en það er sett í biðofna. Sömu róbótar taka líka sýni í
ausu og hella í lítið mót sem starfsmaður fer svo með
á tilraunastofuna þar sem innihaldið er efnagreint.
Efnagreindir DTE myndi greina innihaldið í ausunni

samstundis og róbótinn hella sýninu að því loknu aftur í
deigluna. Einnig er í vinnslu hjá DTE að útfæra tæknina
yfir í færanlegan búnað sem mætti flytja milli vinnu-
svæða í álverunum og efnagreina bæði ál og raflausnir
í kerskálum þeirra.

STARTUP ENERGY REYKJAVÍK

DTE var á meðal sprotafyrirtækja sem tóku þátt í
Startup Energy Reykjavík, viðskiptahraðlinum árið
2014. Fyrirtækið stofnuðu þeir Eggert Valmundarson,
Karl Ágúst Matthíasson og Sveinn Hinrik Guðmunds-
son, en allir hafa þeir mikla reynslu í áliðnaði. „Við Karl
störfuðum hjá HRV sem þjónustar íslensku álverin og
höfðum starfsaðstöðu hjá Norðuráli í ein sjö ár. Þar
vorum við verkefnastjórar fyrir fjárfestingaverkefni
af ýmsu tagi, m.a. hönnun og innleiðingu á alls konar
vélbúnaði. Hugmyndin um rauntímaefnagreiningu
kviknaði út frá verkefni þar sem ferlar og meðhöndlun
álsýna á föstu formi fyrir efnagreiningu var viðfangs-
efnið. Þegar rýnt er í núverandi verklag út frá fjölda
tekinna sýna blasir það við að rauntímaefnagreining
væri mjög til bóta í ker- og steypuskálum álvera.
Mér fannst núverandi verklag talsvert gamaldags og
staðnað,” segir Sveinn Hinrik, þar sem við sitjum á
skrifstofu DTE í húsakynnum Nýsköpunarmiðstöðvar
Íslands í Keldnaholti.

MIKILVÆGUR STUÐNINGUR


„Við erum hér vegna þess að í kjölfar þátttöku okkar
í viðskiptahraðlinum fengum við fjárstyrk frá Tækni-
þróunarsjóði, Norðuráli og loks fjárfestum sem gerðu
okkur kleift að vaxa og m.a. leigja okkur vinnuaðstöðu
hér til nauðsynlegra tilrauna og ekki síst að njóta
sérfræðiráðgjafar allra þeirra frábæru sérfræðinga
sem hér starfa. Það hefur verið okkur ómetanlegt
vegarnesti og því á Nýsköpunarmiðstöðin væna sneið í
þeirri köku sem við erum að baka þessa dagana og sér
vonandi fyrir endann á,” segir Sveinn.

TÆKNI DTE

Aðferð DTE gengur út á að nýta geysisterka laserpúlsa
til að sundra efnum eða efnasamböndum. Púlsarnir
vara í aðeins nokkrar nanósekúndur í senn, en á meðan
þeir vara myndast jónað rafgas og gríðarlegur hiti við
yfirborðið sem er tvöfalt hærri en við yfirborð sólar.
Í ársskýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar fyrir árið 2014
kemur fram í lýsingu á verkefni DTE að einstök frum-
efni í jónuðu rafgasinu geisli frá sér ljósi á skilgreind-
um bylgjulengdum og með því að greina ljósið með
litrófsgreini megi sjá fingrafar hvers efnis fyrir sig.
„Þetta er í raun sama tækni og farartækið Curiosity
frá NASA notar til efnagreininga á Mars. Okkar tækni
framkallar útgeislunarbylgjulengdir sem snefil- og
íblöndunarfrumefnin innihalda og þeim má svo fletta
upp í gagnabönkum til að bera þær saman við geislun
sem greiningarbúnaðurinn mælir. Greiningin saman-
stendur af mörgum púlsum, þannig að segja má að
áætlaður tími fyrir hverja greiningu sé á bilinu 30-45
sekúndur.”

HLAKKA TIL AÐ KYNNNA TÆKNINA

„Við einbeitum okkur eingöngu að þessu verkefni
núna, að framkvæma lokaprófanir, fínþússa síðustu
ferlana og binda lausa enda. Síðan hefjum við fyrstu
tilrauninar á Grundartanga innan tíðar. Einnig er verið
að vinna í skráningu einkaleyfis á viðbótum við þekkta
tækni sem við viljum meina að auki bæði greinigetu
og stöðugleika efnagreininganna. Við hlökkum mjög
til þess þegar við getum farið að kynna tæknina
nánar að loknum tilraunum. Við erum bjartsýnir á
að íslenskt hugvit leiði af sér ný viðmið í eftirliti við
framleiðslu áls í kerskálum og gæðastýringu áls
og melmis í steypuskálum. Hjá Fjarðaáli höfum við
fengið mjög góðar viðtökur og vonumst til að geta
prófað búnaðinn þar þegar þar að kemur, bæði til
efnagreininga á hreinu áli, sem við einbeitum okkur að
til að byrja með, en ekki síður á mismunandi melmum
sem ætluð eru til framleiðslu á sérhæfðum vörum,”
segir Sveinn Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóri
frumkvöðlafyrirtækisins DTE.



— SOLUTIONS AND INNOVATION

DTE specializes in innovative equipment solutions
for industry, working closely together with
customers to deliver quality products to their
requirements.
DTE develops all its equipment according to the
DTE design criteria – value, function, safety and
reliability.

Hilmir er virkur
félagi í Ljóma, ljós-
myndaklúbbi Sóma.
Einstakar hesta-
myndir hans voru
allar teknar í sömu
ljósmyndaferðinni á
vegum klúbbsins.



Hilmir þurfti að leggj-
ast mjög lágt til að ná
myndinni „Ready to
Dance.“



Heitið „Devil's Feet“ ber
ekki að taka bókstaf-
lega.



Myndin hér til hliðar
ber nafnið „Mustang
Mustache.“

SKAPANDI LJÓS- MYNDUN OG STAR WARS SAFN Á **FÁSKRÚÐSFIRÐI**



Þessi mynd heitir „Heppin
planta“. „Ég var næstum því
búinn að stíga á hana“, segir
Hilmir um nafngiftina.

Netakúlan kemur ekki í veg
fyrir góða sprettu. Hilmir
segist njóta þess að fara út í
náttúruna og mynda undarleg
fyrirbrigði

Álverið er eins og leikfanga-
þorp á þessari mynd Hilmis..



SECURITAS HEFUR FRÁ UPPHAFI
MANNAD MÓTTÖKU OG ÖRYGGISVÖRSLU
ALCOA FJARÐAÁLS. STARFSMÖNNUM
SECURITAS Í ÁLVERINU ER MARGT TIL
LISTA LAGT. VAKTSTJÓRARNIR HILMIR
ARNARSON OG VIGFÚS ÞÓR RAFNSSON
BERA GLÖGGT VITNI UM ÞAÐ.

Hilmir Arnarson hefur starfað í álverinu frá því
starfsemin hófst. Hilmir býr í Neskaupstað en kemur
frá Vestmannaeyjum. Frumlegar ljósmyndir hans
hafa vakið verðskuldaða athygli. Sumarið 2016 hélt
hann sýningu á mjög óvenjulegum hestamyndum í
Gallerí Deiglu. Myndirnar voru teknar í ferðalagi
ljósmyndaklúbbs Sóma. Hægt er að skoða myndirnar á
vefsvæðinu: <https://www.flickr.com/photos/hraunid/>.
Hilmir færst líka við ritstörf í frístundum og átti meðal
annars frábæra smásögu í bókinni Jólasögum.






Fúsi fór að sjálf-sögðu á forsýningu Rogue One og varð ekki fyrir vonbrigðum. Svo skemmtilega vill til að myndin var tekin upp að hluta til á Íslandi, eins og senan hér til hliðar ber með sér.



Síðastliðið sumar fór Fúsi á hina árlegu Star Wars Celebration sem haldin var í London árið 2016. Tugþúsundir gesta fengu að sjá þar í fyrsta sinn búningana sem notaðir eru í nýjustu Star Wars myndinni, Rogue One. Fúsi notaði líka tækifærið og heimsótti Star Wars deildina í Madame Tussaud's vaxmyndasafninu, þar sem myndin var tekin. „Hápunktur ferðarinnar var þó þegar Brian Muir og Lindsay kona hans fóru með mig í óvænta skoðunarferð um Elmstree Studios, kvikmyndaverið þar sem Star Wars fæddist, en Brian var sjálfur með verkstæði þar í mörg ár.“

Fúsi stofnaði Facebook síðuna „Star Wars á Íslandi“ sem nýtur mikilla vinsælda. Sumarið 2015 fékk hann góðan gest í heimsókn, sjálfan Brian Muir, einn af aðalhönnuðum Star Wars. Brian er meðal annars „maðurinn á bak við“ búninga Svarthöfða og Stormtrooper. Á myndinni hér fyrir neðan er Brian að árita ýmsan Star Wars varning í versluninni Nexus.



VIGFÚS ÞÓR RAFNSSON ÁSAMT STAR WARS SAFNGRIPUNUM SÍNUM Á FÁSKRÚÐSFIRÐI.

Fúsi hefur verið forfallinn Star Wars aðdáandi frá blautu barnsbeini. „Það eru þó ekki mörg ár síðan ég hóf skipulega söfnun á Star Wars munum. Ég byrjaði á að láta gamlan draum rætast og fékk mér Svarthöfða-hjál. Stuttu seinna var ég búinn að bæta við Stormtrooper hjálmi og fór að panta mér mjög vandaðar fígúrir ásamt geislasverðum og fleiru. Flest allt í safninu versla ég á netinu enda ekki mikið af verslunum hér á Íslandi sem sérhæfa sig í svona hlutum, nema Nexus sem er toppverslun þegar kemur að alls kyns nördadóti. Þetta er dýrt áhugamál og ég hef ennþá ekki þorað að reikna út hvað ég er búinn að eyða miklu í þetta.“

Fúsi er líka mjög skemmtilegur ljósmyndari. „Þessi mynd er tekin við Reykjanesvirkjun,“ segir hann. „Appelsínugula kúlan er svolltið út úr kú þarna í hrauninu, eins og eitthvað utan úr geimnum. Þetta er ekkert samansett sult í Photoshop.“



„Ekkert í sjónvarpinu“ kallar Vigfús þessa mögnuðu mynd.



Myndin „Endastöð“ gæti verið af grænu vélmanni úr Star Wars mynd.



NÆSTUM 300 SJÁLFBODALIÐAR ÖFLUÐU 6,5 MILLJÓNUM TIL FÉLAGASAMTAKA MEÐ 21 ACTION HÓPVERKEFNI

FLESTIR ÍBÚAR AUSTURLANDS VITA
ÞEGAR AF ÖFLUGU SJÁLFBODALIÐA-
STARFI SEM SAMFÉLAGSSJÓÐUR
ALCOA (ALCOA FOUNDATION) STYRKIR
OG STARFSSTÖÐVAR ALCOA HLÚA AÐ.

Annars staðar í blaðinu er fjallað um „Alcoans in Motion“ sem hvetur starfsmenn, fjölskyldur og samfél-
agið almennt til aukinnar hreyfingar en þau tíu verkefni
sem ráðist var í, skiluðu 3,1 milljón til góðgerðarmála á
Mið-Austurlandi.

Einnig stóð Fjarðaál fyrir svokölluðum „Action-verk-
efnum“ með stuðningi Samfélagssjóðs Alcoa en á árinu
2016 var ráðist í 21 verkefni af því tagi sem skiluðu
samtals tæpum 6,5 milljónum til félagasamtaka á
Austurlandi. Þess má geta að Samfélagssjóður Alcoa
borgar 360.000 krónur með hverju Action-verkefni.

Samtals runnu því næstum 10 milljónir til hinna ýmsu
félagasamtaka og góðgerðastofnana á Austurlandi í

ár vegna óeigingjarns framlags sjálfbodaliða innan og
utan Fjarðaáls.

FÉLAGS- OG LISTAMIÐSTÖÐVAR 4 VERKEFNI

Listasmiðjan í Neskaupstað naut aðstoðar fjórtán
sjálfbodaliða til að hreinsa í kringum húsið eftir
viðgerðir á suðurvegg. Hollvinasamtök félagsheim-
ilis Fáskrúðsfjarðar stóðu fyrir vinnu við málningu á
gluggum og sal félagsheimilisins en þar lögðu einnig
fjórátán sjálfbodaliðar fram vinnu sína. Félagsmiðstöðin
Hellirinn, Fáskrúðsfirði, naut einnig góðrar hjálpar
við upplýtingu á húsnæðinu en þangað mættu átta
manns með öflugar hendur. Loks var íþróttahúsið á
Stöðvarfirði undirbúið fyrir bæjarhátíðina Stöð í Stöð
en sextán sjálfbodaliðar unnu m.a. við að leggja teppi á
gólf hússins fyrir hátíðina.

KNATTSPYRNUFÉLÖG 4 VERKEFNI

Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar vinnur að því að koma
upp áhorfendastæði á Eskifjarðarvelli og fékk aðstoð
sjö sjálfbodaliða við uppsetningu. Á Fáskrúðsfirði naut

Knattspyrnudeild Leiknis dyggrar aðstoðar um tuttugu
sjálfbodaliða sem sinntu ýmsum bótum umhverfis
völlinn við Búðagrund. Aðrir tólf sjálfbodaliðar réðust í
verkefni fyrir Leikni og skiptu út sturtuklefum, máluðu
glugga o.fl. í vallarhúsinu. Þróttur í Neskaupstað fékk
43 sjálfbodaliða í ýms verkefni kringum fótbolta-
völlinn.



GOLFKLÚBBAR 5 VERKEFNI

Starfsmenn voru duglegir að efna til verkefna fyrir
golfklúbba á svæðinu. Golfklúbbur Byggðarholts og
Golfklúbbur Fjarðabyggðar réðust í tvö verkefni hvor.
Hjá Golfklúbbum á Eskifirði mættu sextán manns
í fyrra verkefnið, sem fólst í að undirbúa golfvöllinn
fyrir sumarið, þrifa vallarhús, klára að klæða sólpall
og smíða nýja brú á kvennateig. Í seinna verkefninu
var vallarhúsið þrifið og málað innanhúss en 26 manns
mættu í það verkefni á björtu kvöldi í júnímánuði.
Golfvöllurinn á Reyðarfirði fékk líka góða hjálp í
tveimur verkefnum. Það fyrra fólst í að klæða golf-
skála en 24 sjálfbodaliðar tóku þátt í því, og í því seinna
var komið fyrir vökvunarbúnaði á fjórum flötum. Tíu
manns lögðu þar fram vinnu sína.

Golfklúbbur Seyðisfjarðar kaus að fara í lagfæringar á
göngustígum, drenlagnir á vellinum og tilfallandi vinnu
við flatir og skála og alls tóku 25 manns þátt í því.

SKIÐAÍÞRÓTTAFÉLÖG 3 VERKEFNI

Skiðafélagið í Stafdal setti upp lítið hús við efri lyftu
sem er ætlað er sem nestis- og hvíldarskúr en ekki
hafði tekist að ganga frá húsinu að innan. Það tókst

með aðstoð fimmtán sjálfbodaliða á vegum Fjarðaáls
um miðjan júní. Hjá Skiðafélagi Fjarðabyggðar þurfti
aðstoð í markhúsinu til að setja upp stokka með
rafmagnsinnstungum, setja upp hillur og mála alla
gluggakarma að utan. Sex kátir sjálfbodaliðar björguðu
deginum. Brettafélag Fjarðabyggðar hefur vaxið ört
á undanfórnum árum. Í sumarbyrjun mættu fjórtán
sjálfbodaliðar til að huga að viðhaldi og koma búnaði
félagsins í öruggt skjól í Neskaupstað þar sem hægt
var að vinna að honum.

ÖNNUR ÍÞRÓTTAFÉLÖG 3 VERKEFNI

Skotfélag Austurlands réðst í það verkefni að byggja
turna utan um leirdúfukastara og naut aðstoðar 8 sjálf-
bodaliða. Íþróttafélagið Höttur stóð að undirbúningi
uppsetningar minnismerkis um hið fræga þristökk
Vilhjálmss Einarssonar sem tryggði honum silfrið á
Ólympíuleikunum í Melbourne fyrir sextíu árum síðan
og 25 manns tóku þátt í því. Akstursíþróttaklúbburinn
Start á Egilsstöðum fékk aðstoð 14 manns til að undir-
búa motocross-braut félagsins fyrir sumarið, setja upp
stikur og fleira.

BJÖRGUNARVEIT OG LEIKFÉLAG 2 VERKEFNI

Hinar öflugu björgunarsveitir á Austurlandi hafa notið
stuðnings frá Alcoa Fjarðaáli allt frá byrjun í ýmsu
formi, m.a. með stórum fræðslustyrk, framlagi með
hverjum starfsmanni í sveitunum o.fl. Á hverju ári hefur
verið ráðist í að minnsta kosti eitt Action-verkefni fyrir
björgunarsveit og nú í ár dyttuðu 12 sjálfbodaliðar að
húsnæði Björgunarsveitarinnar Geisla á Fáskrúðsfirði.

Að lokum má nefna verkefni fyrir Leikfélag Norð-
fjarðar en í sumar mættu 17 manns í Egilsbúð til að gera
upp sviðið fyrir komandi leikár.

Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa þakka þeim
110 starfsmönnum, fjölskyldum þeirra og vinum, sam-
tals 281 manns sem tóku þátt í Action-verkefnunum í
ár. Þá er umsjónarmönnum verkefnanna sérstaklega
þakkað en þeir hafa lagt fram umfangsmikla vinnu við
undirbúning og framkvæmd verkefnanna.



Þessi myndarlegu
börn mættu í
verkefni fyrir
Skiðafélagið í
Stafdal.

DÚX MENNTASKÓLANS Á EGILSSTÖÐUM HLAUT NÁMSSTYRK FRÁ SAM- FÉLAGSSJÓÐI ALCOA



Styrkurinn nemur 4.000 Bandaríkjadöllum, eða um hálfri milljón króna og greiðist út á fjórum árum ef námsframvinda er samkvæmt áætlun.

Árið 2014 hlaut nemandi Menntaskólans á Egilsstöðum, Marteinn Gauti, sonur Kára Jónassonar, umsjónarmanns kerræsinga hjá Fjarðaáli, styrkinn en hann leggur stund á viðskiptafræði. Nú í ár var Stefán Aspar Stefánsson sonur Stefáns Eðvalds Stefánssonar, starfsmanns í steypuskála Fjarðaáls, valinn úr stórum hópi umsækjenda.

Skömmu eftir að Stefán fékk að vita að hann hafi hlotið styrkinn frá Samfélagssjóði Alcoa, útskrifaðist hann með stúdentspróf frá ME. Árangur hans sýnir að valnefnd Samfélagssjóðsins hafi ekki veðjað á rangan hest, þar sem Stefán Aspar var dúxinn í ár með meðaleinkunnina 9,37 en hann hlaut m.a. verðlaun fyrir góðan árangur í félagsgreinum og tungumálum.

Í sumar starfaði Stefán Aspar í kerskála Fjarðaáls og í fyrravetur var hann íhlaupamaður hjá fyrirtækinu. „Ég kom þegar ég gat,“ segir hann, „sem var því miður ekki oft.“ Skiljanlega hefur það ekki verið átakalaust að ná þessum frábæra námsárangri. Í sumar vann Stefán Aspar í steypuskála Fjarðaáls. Þeir feðgarnir, sem einnig eru nafnar, voru þó ekki á sama stað í steypuskálanum: faðirinn var í deiglustöð og sonurinn á víravélinni.

Í haust hóf Stefán Aspar nám í lögfræði við Háskólann á Akureyri. Hann segir: „Ég er afar þakklátur fyrir að hafa hlotið skólastyrk Alcoa og veit að hann mun koma að góðum notum við lögfræðinámið á Akureyri í vetur. Mig langar að ítreka mikilvægi foreldra minna í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur. Ég er þeim afar þakklátur.“ Því má bæta við að móðir hans vinnur á leikskólanum í Breiðdalsvík, þar sem fjölskyldan býr.

Alcoa Fjarðaál óskar Stefáni Aspari alls hins besta í náminu.

Stefán Aspar tók formlega á móti styrknum við athöfn í mötuneyti Fjarðaáls þann 1. júlí. T.f.v. Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, Stefán Aspar Stefánsson, Stefán Eðvald Stefánsson, faðir Stefáns, og Geir Sigurpáll Hlöðversson, framkvæmdastjóri málmvinnslu hjá Fjarðaáli.

STEFÁN ASPAR STEFÁNSSON VAR DÚX MENNTASKÓLANS Á EGILSSTÖÐUM 2016 OG ÚTSKRIFAÐIST MEÐ MEÐAL-EINKUNNINA 9,37.

Dúxinn leggur nú stund á lögfræði í Háskólanum á Akureyri en hann hlaut styrk að upphæð 4.000 Bandaríkjadala frá Samfélagssjóði Alcoa.

Árlega býður Alcoa Foundation (Samfélagssjóður Alcoa) börnum starfsmanna fyrirtækisins um allan heim að sækja um skólastyrk til háskólanáms, en hann kallast „Sons and Daughters“ styrkur. Skilyrði fyrir styrknum er að einstaklingurinn sé að útskrifast úr framhaldsskóla eða því námi sem samsvarar „high school“ í Bandaríkjunum. Valið er úr umsóknum skv. námsárangri, leiðtogaþæfni, manngerð, vinnusögu, samfélagsþjónustu og ritgerð á ensku sem þarf að senda með umsókninni.



ALCOA KYNNIR SUSTANA ÁLVÖRUR

framleiddar með lágmarks kolefnalosun og úr endurunnu efni

NÝJA FRAMLEIÐSLULÍNAN FELST Í TVEIMUR VÖRUFLOKKUM, **ECOLUM™** OG **ECODURA™** OG ER VEL TIL ÞESS FALLIN AÐ MÆTA KRÖFUM VIÐSKIPTAVINA UM VÖRUR ÚR ÁLI SEM FALLA AÐ SJÁLFBÆRNI-SJÓNARMÍÐUM. FRAMLEIÐSLULÍNAN BYGGIR Á LANGTÍMA STEFNU ALCOA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN.

SUSTANA vörulínan var frumsýnd á álsýningunni í Düsseldorf þann 29. nóvember 2016. Hér er um nýja álvörulínu að ræða en hún er framleidd með lítilli kolefnalosun og úr endurunnu efni. Vörulínan er vel til þess fallin að mæta kröfum viðskiptavina um vörur úr áli sem falla að sjálfbærnisjónarmiðum. Hún er hönnuð til þess að hjálpa fyrirtækjum að minnka kolefnisfótspor aðfangakeðju þeirra og ná þeim sjálfbærnimarkmiðum sem þau hafa sett sér.

SUSTANA framleiðslulínan felst í tveimur aðalvöruflokkum:

ECOLUM™
Mikið úrval steyptrar álvöru sem felur í sér minnstu kolefnisáhrifin en þau eru 75 prósent minni en meðaltalið í iðnaði. Þessar vörur eru framleiddar í álverum sem knúin eru með vatnsaflí og því er losunarhlutfall þeirra minna en 2,5 tonn af kolefni fyrir hvert tonn af áli. Alcoa útvegar upprunavottorð sem staðfestir sjálf-

bærnikvarða vöruflokksins og hjálpar viðskiptavinum þegar þeir gera grænt bókhald fyrir sitt fyrirtæki.


ECODURA™
Álstangir gerðar úr endurunnum málm, tilvaldar fyrir viðskiptavinum sem sækjast eftir kolefnissparandi hráefnum í framleiðsluvörur sínar. Þessar framleiðsluvörur eru fáanlegar í ýmsum blöndum og stærðum og innihalda að lágmarki 50% endurunnninn málmg og þurfa til framleiðslunnar allt að 95% minni orku en sambærileg vara sem inniheldur engin endurunnin efni. Þær stuðla einnig að LEED® og BREEAM® vottun fyrir sjálfbær byggingarverkefni.

ECOLUM FRÁ FJARÐAÁLI
Alcoa Fjarðaál lék stórt hlutverk á álsýningunni þar sem Fjarðaál framleiðir mikið af vörum sem heyra undir vöruflokkinn ECOLUM™. „Mörg fyrirtæki sem framleiða neytendavörur úr áli hafa gert sjálfbærni að meginmarkmiði sínu og þessvegna leitast þau við að nota einungis ál með lítið kolefnisfótspor og tilskilin vottorð,“ segir Timothy D. Reyes, framkvæmdastjóri málmsteypu Alcoa Corporation. „Með því að markaðssetja þessar umhverfisvænu SUSTANA vörur, sem hafa mikilvæga kosti varðandi sjálfbærni í samanburði við algengustu vörur sem eru í boði í áliðnaðinum, vill Alcoa sýna í verki þá stefnu fyrirtækisins að hjálpa viðskiptavinum sínum að draga úr áhrifum reksturs þeirra á umhverfið. Þessar vörur sem við setjum núna á heimsmarkað byggja á langvarandi skuldbindingu Alcoa við sjálfbæra þróun, sem meðal annars felst í umtalsverðri minnkun á okkar eigin kolefnisfótspori.“



HÁTÍÐARKAFFI ALCOA FJARÐAÁLS 19. JÚNÍ

Undanfarin ár hefur Alcoa Fjarðaál boðað til kaffisamsætis í tilefni af kvenréttindadeginum, 19. júní. Sami háttur var hafður á í ár en þennan dag komu um 80 manns saman og áttu notalega stund. Á dagskránni voru fræðandi erindi fyrirlesara og ljúfir tónar frá Maríu Guðmundsdóttur Hraunfjörð og Rebekku Rán Egilsdóttur við undirleik Daníels Kára Guðjónssonar.



KONUM HEFUR FJÖLGAD INNAN FJARÐAÁLS

Hlutfall kvenna á meðal starfsmanna Alcoa Fjarðaáls hefur hækkað á síðastliðnum árum. Með tilkomu breytts og fjölskylduvænna vaktakerfis hækkaði það enn frekar og konur eru nú um fjórðungur starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekkist innan álvera Alcoa. Með því að skapa vinnustað sem hentar fjölbreyttum hópi starfsmanna höldum við áfram að vinna saman að öflugri framtíð, samfélaginu öllu til hagsbóta.

- 01 María Ósk Kristmundsdóttir, sérfræðingur í framleiðslu-þróunarteymi og formaður jafnréttisnefndar Fjarðaáls, flutti erindi um staðalímyndir kynjanna.
- 02 Bríet Ósk Hjörvarsdóttir, rafvirki í rafveitu Fjarðaáls, sagði frá upplifun sinni af störfum hjá Fjarðaáli.
- 03 Rebekka Rán Egilsdóttir, leiðtogi framleiðslu í steypuskála, tekur lagið við undirleik Daníels Kára Guðjónssonar.
- 04 Helga Guðrún Jónasdóttir, upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar, talaði um kvenréttindabaráttuna fyrir og nú.



Leiðandi fyrirtæki í bauxít-, súrals- og álframleiðslu

ALCOA CORPORATION

Þann 1. nóvember 2016 var nýja fyrirtækið sérstaklega kynnt fyrir starfsmönnum Fjarðaáls.

Á myndinni eru t.f.v. Tómas Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri Alcoa Corporation, Geir Sigurpáll Hlökkversson, framkvæmdastjóri málmosteypusviðs fræðsluseturs Alcoa og Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls.

ÞANN 1. NÓVEMBER SL. LAUK AÐSKILNAÐI ALCOA CORPORATION FRÁ MÓÐURFYRIR-TÆKINU ALCOA INC. (SEM NÚ HEITIR ARCONIC INC.).

Nýja fyrirtækið er nú rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem skráð er hjá Kauphöllinni í New York með auðkenninu „AA.“ Alcoa Corporation er alþjóðlegt kostnaðarskilvirktt fyrirtæki í fararbroddi í bauxít-, súrals og álframleiðslu sem er í einstakri stöðu til þess að ná góðum árangri á þessum mörkuðum.

„Við erum að hleypa af stokkunum Alcoa Corporation sem leiðandi fyrirtæki í áliðnaði með sterka samkeppnisstöðu í allri virðis-keðju álframleiðslu,“ segir Roy Harvey, aðalforstjóri hins nýja fyrirtækis. „Bauxít- og súralsframleiðslan okkar komu kostnaðarlega vel út úr fyrsta fjórðungsmarkinu og álframleiðslan var með góða samkeppnisstöðu eftir annað fjórðungsmark. Við höfum náð frábærum árangri í steiptum álvörum og erum fremst í flokki fyrirtækja sem framleiða alþynnur fyrir dósaiðnaðinn í Norður-Ameríku. Orkuframleiðsla fyrirtækisins hefur líka skilað góðum árangri. Þessu höfum við náð þrátt fyrir erfiða tíma á markaðinum og verið óbugandi sem er helst að þakka mikilli vinnu og trúmennsku starfsmanna okkar sem eru um 16.000 talsins. Hvað framtíðina varðar hyggjumst við halda áfram rekstri með yfirburðum og nýsköpun í þeim iðnaði sem við vorum brautryðjendur í. Við höfum ávallt unnið samkvæmt gildum okkar og metnaði til að skara fram úr.“

STYRKLEIKI Á ÖLLUM STIGUM ÁLFRAMLEIÐSLU Alcoa er leiðandi, kostnaðarskilvirktt fyrirtæki sem samanstendur af sex einingum sem starfa í allri virðis-keðju álframleiðslunnar – bauxíti, súráli, áli, steiptum vörum, völsuðum vörum og raforkuframleiðslu – og fyrirtækin eru í einstakri stöðu til þess að ná góðum árangri á þessum mörkuðum. Samtals er fyrirtækið með 25 framleiðslustöðvar á heimsvísu og starfsmannafjöldinn telur um 16.000 manns.

MEÐAL HELSTU KOSTA FYRIRTÆKISINS MÁ TELJA: Mesta bauxítnámuvinnsla á heimsvísu, þ.e. framleiðsla sem nam 45,3 milljónir tonna (bmt) á árinu 2015 og aðgangur að stórum námusvæðum með afnotarétti sem nær í flestum tilvikum til meira en 20 ára.

- Stærsti súralsframleiðandi í heimi með nlu verksmiðjur í fimm heimsálfum;
- Álver víða um heim sem eru í góðri stöðu til að hagnast þegar markaðsaðstæður verða betri í framtíðinni.
- Steypuskálar sem bjóða sérhæfðar, virðisaukandi vörur með álblöndum, steiptum í ýmiss konar mót til að sinna þörfum viðskiptavinarins.
- Völsunarverksmiðjur í Warrick, Indiana, og Ras Al Khair í Sádi Arabíu til að þjóna áldósamarkaðinum í Norður-Ameríku.

Alcoa spáir því að eftirspurn eftir áli á heimsvísu muni tvöfaldast miðað við tímabilið frá árinu 2010 til ársins 2020. Alcoa Corporation er í góðri stöðu til að mæta þessum auknu kröfum.

HVAÐ VILTU VITA UM ÍSLENSKAN ÁLIÐNAÐ?

NÝJU ÁTAKI HEFUR VERIÐ HLEYPT AF STOKKUNUM Á VEFSÍÐU SAMÁLS, SAM-TAKA ÁLFRAMLEIÐENDA, SAMAL.IS.

Það ber yfirskriftina Spurt og svarað um áliðnaðinn og er þar leitað svara við algengum spurningum um íslenskan áliðnað. Þá gefst lesendum jafnframt kostur á að senda inn ábendingar og spurningar, sem leitast verður við að svara hratt og örugglega.

STUÐLAÐ AÐ UPPLÝSTRI UMRÆÐU

„Í skoðanakönnunum sem Samál hefur staðið fyrir höfum við fundið fyrir því að margir telja sig hafa litla þekkingu á íslenskum áliðnaði,“ segir Pétur Blöndal framkvæmdastjóri Samáls. „Þess vegna ýtum við þessu átaki úr vör – til þess að fræða almenning og stuðla að upplýstri umræðu. Í svörum er auðvitað vandað til verka og mikið lagt upp úr því að geta heimilda.“

Samál eru samtök álfyrirtækja á Íslandi og voru þau stofnuð 7. júlí 2010. Markmið þeirra er meðal annars að vinna að hagsmunum og framþróun íslensks áliðnaðar og efla upplýsingastreymi og fræðslu. Stofnfélagar samtakanna eru þrjú álframleiðslufyrirtæki; Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., Norðurál ehf. og Alcoa Fjarðaál sf. Auk vefsíðu Samáls, sem er stútfull af fróðleik og fréttum um áliðnað, heldur Samál úti síðu á Facebook undir yfirskriftinni Álver á Íslandi – sem áhugafólk um áliðnað getur ekki látið framhjá sér fara.

ANGI AF BLAÐAMENNSKUNNI

Pétur hóf störf hjá Samáli haustið 2013, en hafði fram að því verið ritstjórnarfulltrúi á Morgunblaðinu um nokkurt skeið, unnið að kynningarmálum á ýmsum vettvangi og skrifað bækur, þar með talið Limrubókina með fyrsta íslenska limrusafninu, Sköpunarsögur með viðtölum við rithöfunda um sköpunarferlið og Fjallaland með ljósmyndum Ragnars Axelssonar.

Nú hefur Pétur umsjón með því að taka saman spurningar og svör um áliðnað á vefsíðu Samáls. „Ég hef gaman af því að sökkva mér ofan í verkefni á borð við þetta, enda felur það bæði í sér að kafa á dýptina í einstökum málum og eins er það víðfeðmt og veitir því ágæta yfirsýn,“ segir hann. „Þetta er í sjálfu sér ekki



ólíkt því að skrifa fréttir og fréttaskýringar og því angi af blaðamennskunni – að leita svara við ólíklegustu spurningum sem brenna á fólki.“

ÁLKLASI, MÁLSTOFUR OG NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Eitt af þeim málum sem Samál hefur haft forgöngu um ásamt Samtökum iðnaðarins er stofnun Álklasans (www.alklasinn.is), en klasanum var formlega hleypt af stokkunum í sumarbyrjun 2015. Áður hafði Samál staðið fyrir stefnumótunarfundi í Borgarnesi vorið 2014 og ráðstefnu um haustið þar sem frumkvöðlar kynntu hugmyndir að sprotaverkefnum í áliðnaði, en við það tækifæri var stefna Álklasans gefin út. Samál og álverin eru aðilar að klasanum ásamt um 40 fyrirtækjum og stofnunum um allt land, þar með talið verkfræðistofum, málmosteypum, vélsmiðjum, skipafélögum, háskólum og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en þaðan kemur klasastjórinn Guðbjörg Óskarsdóttir sem hefur unnið mikið brautryðjendastarf frá því hún tók við. „Álklasinn er auðvitað enn á mótunarárum og miklar vonir bundnar við framlag klasans til áliðnaðar á Íslandi, enda hefur þegar náðst eftirtektarverður árangur í rannsóknarverkefnum, námi og styrkjum á þessu sviði,“ segir Pétur. „Áhersla hefur einnig verið lögð á það í starfi Samáls að efla nám á háskólastigi tengt áliðnaði. Það var því mikið fagnaðarefni þegar Háskólinn í Reykjavík og Alcoa Fjarðaál hófu í vetur samstarf með námskeiðum fyrir starfsfólk og almenna nemendur, auk fjögurra málstofa sem opnar voru almenningi.“



Guðmundur Sveinsson Kröyer, sérfræðingur umhverfismála í umhverfisleisu- og öryggisteymi Alcoa Fjarðaáls.

UMHVERFISMÁL Í ÖNDVEGI HJÁ ÖLLUM STARFSMÖNNUM ALCOA

GUÐMUNDUR SVEINSSON KRÖYER, SÉRFRÆÐINGUR UMHVERFISMÁLA Í UMHVERFIS- HEILSU- OG ÖRYGGISTEYMI ALCOA FJARÐAÁLS, HEFUR STARFAÐ HJÁ FYRIRTÆKINU FRÁ ÞVÍ ÁRIÐ 2007, ÞEGAR FRAMLEIÐSLAN HÓFST.

Í dag annast hann og Dagný Björk Reynisdóttir umhverfismál hjá Fjarðaáli og kemur starf þeirra inn á öll stig álframleiðslunnar. En þau eru ekki ein um það að sögn Guðmundar: „Allir starfsmenn Fjarðaáls vinna að umhverfismálum alla daga í sínum daglegu störfum og hluti af okkar starfi er að fræða starfsmenn um umhverfismál og auka skilning þeirra á málaflokknum,” segir hann.

EFTIRLIT, UPPLÝSINGAGJÖF OG ÞJÁLFUN Ásamt þjálfun starfsmanna bera þau Guðmundur og Dagný Björk ábyrgð á eftirliti með áhrifum reksturs álversins á umhverfið og upplýsingagjöf til hins opinbera.

Eins og öll starfsemi sem hugsanlega hefur í för með sér mengun, þurfti Fjarðaál á sínum tíma að skila inn umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar (UST). Eftir að umsókn berst, er hún auglýst og hefur þá almenningur tækifæri til þess að skila inn umsögn. Að því ferli loknu er gefið út starfsleyfi sem kveður á um hámarksgildi tiltekinna mengunarefna, t.d. flúors, koltvísýrings og brennisteinsefna sem gætu

haft áhrif á nærumhverfið. Hámarksgildin ná bæði til andrúmslofts og fráveituvatns. Fjarðaál þarf að fylgjast vel með og skrá alla losun frá starfsemi fyrirtækisins og skila inn skýrslum til UST.

Eftirlitið er mjög nákvæmt og Fjarðaál tekur hlutverk sitt alvarlega. Til dæmis er daglega fylgst með allri losun flúors og ryks út í andrúmsloftið en losun gróðurhúsalofttegunda og brennisteinssambanda í útblæstri er mæld mánaðarlega samkvæmt starfsleyfinu. Í fráveitumálum er allt vatn sem nýtt er til framleiðslunar endurnýtt en það fráveituvatn sem fer út í umhverfið er hreinsað áður en því er veitt til sjávar.

UST, HAUST, ALCOA OG ISO Umhverfisstofnun er ekki eini aðilinn sem Fjarðaál skilar upplýsingum til. Fjarðaál hefur einnig starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) er varðar ýmiss konar hliðarstarfsemi.

Guðmundur og Dagný annast samskipti við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands ásamt allri upplýsingagjöf til þeirra. Allar niðurstöður umhverfismælinga er að finna í grænu bókhaldi fyrirtækisins sem skilað er árlega til UST og er aðgengilegt bæði á www.alcoa.is og www.ust.is.

Þess má geta að móðurfyrirtæki Fjarðaáls, Alcoa Corporation, setur sjálfu sér mjög háleitar kröfur í umhverfismálum sem oft eru strangari en kröfur yfirvalda í því landi sem Alcoa starfar. Þess vegna þarf umhverfisteymi Fjarðaáls einnig að skila inn skýrslum til móðurfyrirtækisins gegnum innra

umhverfisstjórnunarkerfi Alcoa. Þá hefur Fjarðaál frá upphafi stefnt að alþjóðlegri vottun og fékk árið 2011 vottun skv. ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum.

MARKVISST UNNIÐ AÐ ÞVÍ AÐ LÁGMARKA LOSUN Veðurfar er þó ekki það eina sem hefur áhrif á styrks flúors í grasi þó svo það hafi mikið að segja um upptöku flúors í grasi. Losun flúors frá álverinu spilar þar einnig stórt hlutverk og á undanförunum árum hefur Fjarðaál tekið til markvissra aðgerða til að lágmarka alla losun. Unnur Þorleifsdóttir, verkfræðingur í álframleiðslu hefur ásamt fleirum sinnt aðgerðum til að lágmarka alla losun frá álverinu.

„Minnkun flúorlosunar er verkefni sem hefur ekki upphaf og enda. Það þarfnast stöðugrar eftirfylgni og þess að starfsmenn séu alltaf á tánum og hafi mikilvægustu þættina til að lágmarka flúorlosun ávallt bak við eyrað. Allt starfsfólk í framleiðslu kerskála veit að það er mikilvægt að vanda vel til kerumhirðu, passa að hafa kerin þétt lokað og muna eftir að nota tvöfalt afsogskerfi þegar unnið er í kerunum. Að kerin séu vel þétt og lokað er lyklatríði þar sem afsogið frá kerunum virkar þá betur,” segir Unnur.

Það sem Unnur vísar til er að loftið inni í lokaðu kerunum á ekki að sleppa út úr þeim í kerskálanum. Ef kerlok eru beygð, skökk eða þeim er illa lokað, er hætta á því að loft fari úr kerunum í andrúmsloft kerskála og hleypur þá út um þak hans, óhreinsað. Hins vegar fer loftið inni í kerunum inn í afsog. Afsogsloftið er svo hreinsað í þurrhreinisvirkinu og flúorinn endurnýttur. Unnur segir: „Við höfum verið að sjá góða þróun í kerlokaúttektum sem taka út hversu vel starfsfólk lokar kerlokunum á kerunum. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli þar sem illa lokað ker sleppir meiri flúor út úr kerfinu hjá okkur og út í náttúruna. Einnig er dagleg eftirfylgni með bilunum í tvöfalda afsoginu og fylgst með að búnaðurinn virki sem skyldi í þurrhreinisvirkinu.

Margir aðrir þættir hafa áhrif á að kerin séu þétt lokað og er stöðugt verið að vinna að úrbótum.”

SUMARIÐ ER TÍMINN Flúor getur verið skaðlegt grasbítum ef það er innbyrt í miklu magni. Þess vegna er sumarið viðkvæmur tími þar sem upptaka flúors í grasi gerist yfir sumartímann. Sérstök áhersla er lögð á það að undirbúa sumarið vel í kerskála Fjarðaáls. „Það er alltaf markmið okkar að þurrhreinisvirkið geti starfað á fullum afköstum yfir sumartímann og allir séu meðvitaðir um það hvernig best er að haga allri kerumhirðu. Til þess að það sé mögulegt þarf að sinna viðhaldsverkum áður en gróðurtímabil hefst og undirbúa sumrin vel,” segir Unnur.

FLÚOR Í HEYI 2016 Á hverju hausti eru tekin sýni af heyi sem kemur frá túnnum í Reyðarfirði og það greint m.t.t. flúors. Almennt má segja um niðurstöðurnar að styrkur flúors í heyi sé yfirleitt lægri en í grasi. „Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því,” segir Guðmundur. „Meðal annars hefur heyið verið meðhöndlað en ekki grasið þegar sýnin eru tekin. Niðurstöður flúorgreininga í heyi hafa almennt lækkað frá árinu 2013. Lægsta innihaldið var árið 2014 en stóð svo í stað milli áranna 2015 og 2016. Niðurstöðurnar eru vel undir þeim mörkum sem gefin eru upp í reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.”

Flúor í grasi	2013	2014	2015	2016
Júní nr. 1	18,4	46,7	11,8	39,5
Júní nr. 2	21,1	43,6	25,1	25,2
Júlí nr. 3	23,6	23,4	38,5	19,5
Júlí nr. 4	48,0	30,2	16,4	27,0
Ágúst nr. 5	60,1	26,2	11,7	22,6
Ágúst nr. 6	55,3	14,7	14,6	22,7
Meðaltal	37,7	30,8	19,7	26,1

Myndin sýnir niðurstöður flúormælinga undanfarin ár. Styrkur flúors í grasi á þessu ári mældist 26,1 µg/g. Grassýni eru tekin á víðu neti, alltaf á sama stað, ár hvert (34 sýni, 6 sinnum, samtals 204 sýni).



Unnur Þorleifsdóttir, verkfræðingur í álframleiðslu.



ÚRVAL INNLENDRA NEYTENDAVARA OG MARGS KONAR BÚNAÐAR FYRIR ATVINNUVEGINA ÚR ÍSLENSKU ÁLI ER MEIRA EN MARGUR HELDUR

MÁLMSTEYPAN HELLA EHF. Í HAFNAR-
FIRÐI ER FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI SEM
STOFNAÐ VAR Í MAÍ 1949 Í REYKJAVÍK OG
HÉT Í BYRJUN MÁLMSMÍÐJAN HELLA.
NAFNINU VAR BREYTT 1987 EN HELLA
ER NÚ REKIN AF ÖÐRUM OG ÞRIÐJA
ÆTTLIÐ FRÁ EINUM AF STOFNENDANNA,
LEIFI HALLDÓRSSYNI MÓDELSMIÐ, SEM
KOM FYRIRTÆKINU Á KOPPINN ÁSAMT
FLEIRUM.

Segja má að stíff innflutningshöft sem ríktu í landinu
á árunum eftir stríð hafi átt stærstan þátt í tilurð
Hellu sem hóf starfsemi í aflagðri hlöðu sem til-
heyrði býlinu Haga sem stóð á horni þar sem nú eru
gatnamót Hofsvallagötu og Melhaga í Reykjavík og
er Hagahverfið kennt við býlið. Hella er nú til húsa
við Kaplahraun í Hafnarfirði. Þar starfa sjö manns,

þeirra á meðal eru eigendurnir og feðgarnir Þorvaldur
Hallgrímsson framkvæmdastjóri og synir hans, Leifur
málmsteypumeistari og Grétar Már frummótasmiða-
meistari, en Leifur sem stofnaði Hellu var móðurafi
þeirra bræðra.

Hjá Hellu hf. eru í dag framleiddar mjög fjölbreyttar
vörur úr mismunandi álblöndum fyrir bæði innlend og
erlend iðnfyrirtæki en einnig fyrir neytendamarkað,
sem fyrirtækið einbeitti sér að í upphafi. Grétar Már
segir að starfsemin hafi frá upphafi verið sérhæfð í



sandsteypu á hlutum úr áli og einnig kopar. Til að byrja
með einkenndist starfsemin einkum af framleiðslu
á búsáhöldum fyrir fjölskyldur og fyrirtæki landsins
sem vantaði potta, pönnur, ausur og fleira í eldhúsið
sem skortur var á vegna innflutningshaftanna. „Í dag,
tæpum 68 árum síðar, framleiðum við skautlása fyrir
álver, raflínubúnað í háspennulínur og spennuvirki,
álklossa til að hækka upp bíla, vegvísa og skilti, búnað
til matvælavinnslu, t.d. í fiskvinnsluvélar, slöngutengi,
fastsetningapolla og fleira fyrir sjávarútveginn ásamt
ýmsu öðru sem fellur til. Það má eiginlega segja að
allar málm- og vélsmiðjur landsins heyri til viðskipta-
vina okkar,“ segir Grétar sem tekur fram að allt ál sem
notað er til framleiðslunnar sé blandað mismunandi
efnum til að ná fram hámarksgæðum í sérhverri vöru
sem gegna ólíkum hlutverkum við ólíkar aðstæður.

INNFLUTNINGSHÖFTIN ÁSTÆÐAN

„Í upphafi voru það fyrst og fremst innflutningshöftin
sem leiddu til stofnunar Hellu. Heimilin vantaði eldhús-
áhöld, verkstæðin verkfæri í viðhald og viðgerðir og
svona mætti lengi telja. En á sama tíma vantaði líka
hráefnið og þá var ekki annað úrræði en að safna öllum
brotamálmum sem fannst, þar á meðal áli sem aðallega
var sótt í flugvélaflök hingað og þangað um landið,“
segir Grétar Már. Auk eldhúsáhalda og verkfæra bætt-
ust fjljótlega við framleiðsla á brynningatækjum og
hlutum í reiðtygi fyrir bændur, innvolsi í klósett-kassa
og sorprennulukum sem enn þann í dag prýða fjölda
stigaganga í fjölbýlishúsum landsmanna. Síðan bætt-
ust við einfaldar handfæravindur fyrir trillukarla sem
enn eru framleiddar við góðan orðstír. „Þetta er bara
stutt upptalning á vöruþróuninni sem fór smám saman
að þróast yfir í samstarf við önnur iðnfyrirtæki, t.d. þá
sem framleiddu rafmótora og fengu Hellu til að steypa
íhluti úr áli í mótora, rafknúnar handfæravindur, neta-
spil og fleira,“ segir Grétar, sem bætir við að straum-
hvörf hafi orðið í framleiðslunni þegar fyrsta álver
landsmanna hóf starfsemi í Straumsvík árið 1969.

STRAUMHVÖRF Á ÁTTUNDA ÁRATUGNUM

„Þá fengum við loks greiðan og reglulegan aðgang að
áli héðan úr nágrenninu og gátum hætt innkaupum
á því erlendis frá. Þarna fengum við líka aðgang að
mismunandi álblöndum sem henta til mismunandi
nota, allt eftir því hvert hlutverk vörunnar er sem á
að framleiða. Nefni t.d. ál sem kísli er blandað út í til
að auka steypuhæfni hráfnisins og sveigjupól. Þessi
álblanda fer til dæmis í vegvísa fyrir Vegagerðina og
ýmsan raflínubúnað fyrir Landsnet og Rarík. Kísilálið
fer líka í framleiðslu á fastsetningapöllum í skipum og
bátum, ásamt ýmsum vörum þar sem teygjupól skiptir
máli,“ segir Grétar, en samstarfið við áliðnaðinn gegnir
stóru hlutverki í starfseminni. „Við þróuðum m.a. nýja
álblöndu með ísal sem notuð er í framleiðslu á skaut-
lásum sem enn eru notaðir í álverinu. Einnig framleiðum
við gírhús og margt fleira fyrir álveríð.“



FRAMFARIR MEÐ IÐNTÆKNISTOFNUN

Með árunum hefur innihald hinna mismunandi álblanda
sem Hella notar í framleiðslunni orðið nákvæmara og
gæði afurðanna jöfn og stöðug vegna mikilla rann-
sóknar á innihaldi og eðli hráefnanna. „Iðntæknistofnun
Íslands var stofnuð 1979 og hún gerði mikilvægar
mælingar á brota- og sveigjupól steyptra hluta, húsa-
steypu þar á meðal, en einnig þeim álblöndum sem við
notum í ýmsar vörur sem þurfa að standast mikið álag
til langs tíma. Raflínubúnaður er þar á meðal, svo ég
nefni dæmi.“

FJÖLBREYTTARA ÚRVAL ÁLBLANDA

Eftir því sem árin hafa liðið hefur álblöndunum fjölgað
hjá Hellu. „Magnesíumblandað ál hefur til dæmis mjög
góða tæringarvörn og hentar því afar vel í hluti sem eru
stöðugt í sjó eða í snertingu við salt vatn. Þess vegna
notum við magnesíumál í veiðafærabúnað og fisk-
vinnsluvélar sem hvort tveggja er framleitt hér á landi
og selt til allra helstu fiskveiðipjóða heims vegna gæða
framleiðslunnar.“ Grétar segir tilrauna- og þróunar-
starf hafi alltaf verið ríkur þáttur í starfseminni til að
finna bestu álblöndurnar til framleiðslu á mismunandi
vörum til nota við ólíkar aðstæður. „Vöruþróun fyrir
sjávarútveginn leikur hér stórt hlutverk, m.a. nýjungar
fyrir loðnu-, síldar- og skelfiskveiðiflotann, en segja má
að öll þau skip séu með búnað frá Hellu.“

SINNIR ENN NEYTENDAMARKAÐI

Sem fyrr segir hóf Málmsteypa Hella starfsemi með
vöruframleiðslu fyrir innlendan neytendamarkað. Þrátt
fyrir að framleiðslan sé nú að stærstum hluta tileinkuð
öðrum iðnfyrirtækjum í mismunandi atvinnugreinum
framleiða starfsmenn Hellu enn ýmsar spennandi
neytendavörur úr blönduðu áli. Þeirra á meðal eru
pönnukökupönnur, pressur fyrir álegg og rúllupylsur,
niðurfallsristar, útibekkir, grilláhöld og margt fleira
sem framleitt er úr íslensku áli.

FRÁ FÆÐINGU TIL FERMINGAR

Fjórtán ár í fylgd með Fjarðaáli



álframleiðandinn Alcoa eftir starfsmanni sem ætti að setja upp og reka skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík. Ég sá þarna gott tækifæri á að koma kunnáttu minni á framfæri og kynnast alþjóðlegu fyrirtæki, svo ég sendi inn umsókn. Svo var ég kölluð í viðtal hjá Capacent og í þá viku sem leið fram að viðtalinu lá ég á Netinu og las hreinlega allt sem hægt var að finna um Alcoa. Ég lærði meira að segja gildin utanað, en þá voru þau tíu! Í stuttu máli sagt öðlaðist ég fullvissu um að hjá þessu fyrirtæki vildi ég vinna, hvað sem það kostaði. Tveir Bandaríkjamenn frá Alcoa voru viðstaddir viðtalið. Þeir fóru að hlæja þegar ég sagðist kunna gildin utanað, litu á hvern annan og sögðu: „Kunnum við þau?“ Ég fór aftur í viðtal eftir nokkra daga og loks í þriðja viðtalið en þá vorum við þrjú eftir af þeim tvö hundruð manns sem sóttu um starfið. Svo fór að lokum að mér var boðið starfið og ég tók því.“

HÚSNÆÐI OG FYRSTA SKRIFSTOFAN

Fyrsta hlutverk Önnu Heiðu var að finna hentugt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík. „Leigan mátti ekki vera há og ég átti að leigja húsgögn og skrifstofubúnað. Mér tókst að útskýra að þannig gerist hlutirnir ekki hér á eyrinni en leitaði meðal annars á Barnalandi. Svo heppin var ég að finna heilan gám af skrifstofuhúsgögnum frá fyrirtæki sem varð gjaldþrota, en í honum voru líka ljósritunarvél, tölvur og fleira. Þetta fékkst á ótrúlegu verði. Þá fann ég hentugt húsnæði í miðbænum, í lðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg. Það var heil hæð í húsinu með góðu fundarherbergi. Brátt fór að streyma alls konar Alcoa-fólk til Reykjavíkur vegna undirbúningsins. Ég sat rosalega marga fundi á þessum fyrstu mánuðum, hjá Landsvirkjun, Invest in Iceland, í bönkum, með fulltrúum stjórnvalda og bæjarstjórn Fjarðabyggðar og ég keyrði með fulltrúa Alcoa út um allt. Svo heppin var ég að kynnast konu sem var að vinna hjá Hönnun á Reyðarfirði og hún tók að sér að lóðsa menn ef ég komst ekki með þeim austur á Reyðarfjörð. Hún heitir Guðný Hauksdóttir og hana þekkja nú allir hjá Fjarðaáli!“ Anna Heiða bætir því við að skrifstofan hafi bara verið í eitt ár á Hallveigarstíg en 2003 flutti hún á Suðurlandsbraut 12 sem hentaði mun betur, m.a. vegna bílastæða.

LANGT OG STRANGT SAMNINGAFERLI

Anna Heiða segist leið á því að heyra að íslenska ríkið, bæjarstjórn Fjarðabyggðar og Landsvirkjun hafi boðið Alcoa alla hluti á silfurbakka, bara til að laða fyrirtækið hingað. „Þegar ég var ráðin stóð yfir samningaferli um kaup á Reyðaráli ehf. en það fyrirtæki hafði þegar samið um ýmsa hluti við þessa aðila. Sá kaupsamningur gekk að lokum í gegn. Svo var mikið þóf varðandi alls konar hluti í samningagerðinni. Landsvirkjun gaf ekkert eftir og við vorum þar stundum langt fram eftir. Ég var sátt við útkomuna, sérstaklega gagnvart þjóðinni en ekki síður fyrir fólkið á Austurlandi.“ Í kjölfarið komu fleiri samningar, m.a. við Bechtel og HRV 2003 um byggingu álversins, við skipafélög um flutninga o.fl.

Þá var einnig haldin arkitektasamkeppni um hönnun álversins og verðlaunatilögurnar voru m.a. kynntar í Smáralind.

MEÐ AUSTURLAND Í HJARTASTAÐ

Þegar Anna Heiða var ráðin hafði hún aldrei komið á Austfirði. „Að vísu hafði ég einu sinni ekið hringinn í kringum Ísland en bara gegnum Egilsstaði en ekki firðina. Þegar ég kom fyrst til Reyðarfjarðar var ég slegin af fegurðinni. Það er eitthvað svo tignarlegt við fjöllin og þegar ég ek niður Fagradal opnast þessi dásamlega sýn. Mér brá að sjá hversu lítill bærinn á Búðar eyri var – ekkert apótek, engin lágvöruverðsverslun, ekkert Ríki. En dagurinn sem allir samningarnir voru undirritaðir, 15. mars 2003 var stór dagur og ég fann sterklega fyrir fögnuði Austfirðinga sem höfðu beðið svo lengi eftir þessum degi. Á þessum árum sem liðin eru síðan hefur Austurland greipt sig inn í hjarta mitt. Ég þekki svo marga Austfirðinga að ókunnir gætu haldið að þar væru mínar æskuslóðir,“ segir hún. „Mér finnst líka stórkostlegt að sjá uppganginn, þegar Fjarðabyggðarhöllin varð til, þegar Molinn opnaði, og öll þessi jákvæða breyting sem hefur átt sér stað á svæðinu.“

EKKI LENGUR EIN

Anna Heiða segist stundum hafa gert grín að því í þetta eina og hálfu ár sem hún var eini starfsmaður Alcoa á Íslandi að einhvern tíma myndi hún spyrja ókunnugan hvað hann gerði og fá svarið að hann ynni hjá Fjarðaáli. Í mars 2004 fékk hún fyrsta samstarfsmanninn. „Margir sóttu um starf forstjóra þegar það var auglýst. Ég hlæ enn að því að það voru þrír umsækjendur eftir sem áttu að fara í viðtal í New York á sama degi. Ég þurfti að koma þeim út án þess að þeir vissu af hinum tveimur. Einn skildi ef til vill ekki í því af hverju hann þurfti að fljúga gegnum Boston! Á endanum var Tómas Már Sigurðsson valinn og það var vel valið, enda er hann enn hjá Alcoa og hefur unnið sig upp í mjög góða stöðu í höfuðstöðvunum. Hann byrjaði að vinna með mér á Reykjavíkurskrifstofunni í mars 2004 og þá vorum við orðin tvö. Um sumarið kom sá þriðji en næstu starfsmenn komu loks hraðar inn á árunum 2005 og 2006. Svo var farið að ráða í stærri hópum og fólkið fór að koma svo hratt inn 2007 að spá mín um að hitta ókunnugan mann sem ynni hjá Fjarðaáli og ég þekkti ekki, rættist loks það ár!“

ÓVÆNT STARFSLOK

– EN ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF

Í upphafi var vandamál hvaða titil Anna Heiða átti að hafa, þar sem fátt var utan hennar verklýsingar. „Þeir völdu að kalla mig skrifstofustjóra og ég var sátt við það. Einn af ókostunum við að vinna aðallega með Ameríkönum en vera á Íslandi var að starfsdegi mínum lauk klukkan fimm en þeirra fimm eða sex tímum seinna. Þá var fólk að koma um helgar og ég þeyttist með það að hitta menn, skoða Gullfoss og Geysi og

allt það. En ég var himinlifandi þegar aðalforstjóri og stjórnarformaður Alcoa veitti mér eftirsóttá viðurkenningu sem heitir „You Make a Difference“ og held að ég sé enn eini Íslendingurinn sem hef hlotið hana. Hún er veitt starfsmanni sem hefur farið langt fram úr væntingum.“

Árið 2011 urðu þáttaskil hjá Önnu Heiðu. „Smám saman varð ljóst að ekki þurfti starfskraft til þess að sjá um skrifstofuna í Reykjavík, þar sem umferðin um hana hafði minnkað talsvert. Umsjón skrifstofunnar var í raun lítill hluti af starfi mínu þar sem ég hef aðallega séð um þýðingar, yfirlestur, heimasíðuna og samskipti við Alcoa Foundation. Þess vegna var ákveðið að ég teldist ekki lengur starfsmaður hjá Fjarðaáli en myndi halda áfram sem verktaki í rúmu hálfu starfi. Við hjónin höfðum um árabíl rekið fyrirtæki, Tungubakka ehf., sem er aðallega í prófarkalestri og þýðingaþjónustu svo það lá beint fyrir að Tungubakki tæki við sem birgir fyrir Fjarðaál. Ég var sátt við umskiptin, því ég gat ekki hugsað mér að hætta alveg og slíta þennan naflastreng.“

GEFUR SÉR TÍMA TIL BÓKARSKRIFA

Starf Önnu Heiðu hefur lítið breyst: „Ég vinn enn sömu vinnuna en er sjálfs míns herra sem hefur líka marga kosti. Nú get ég sinnt kennslu í HÍ sem ég hafði gert á hlaupum í nokkur ár og þurfti áður að lengja vinnudaginn hjá Alcoa sem því nam. Ég kenni bókmenntir og ritlist bæði í HÍ, í Endurmenntun og víðar. Mér er frjálst að taka að mér alls konar spennandi verkefni. Það besta af öllu er að tilheyra ennþá þessum ómetanlega hópi: samstarfsfólkinu hjá Fjarðaáli sem hefur verið – og er enn – eins og stórfjölskyldan mín. Eitt af því allra besta við starfið mitt er að halda utan um sjálfböðavinnu starfsfólks og þegar ég fer austur get ég bent til hægri og vinstri á ummerki óeingingjarnrar vinnu þeirra.“ Anna Heiða hefur skrifað tvær bækur, barnabókina Galdrastafir og græn augu (1997) og Mitt eigið Harmagedón (2012) og vonast líka til þess að hafa tíma á næstunni fyrir fleiri bækur.

FJÓRTÁN ÁR MEÐ FJARÐAÁLI

Þann 1. nóvember voru liðin 14 ár frá því Anna Heiða hóf störf hjá Alcoa. Hvað vill hún segja að lokum? „Þetta hefur verið ógleymanlegur tími. Allar þessar ferðir til Austurlands og til Norður-Ameríku, vinnan að sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar, stressið á byggingartímanum, fólkið og fjörið: alveg óviðjafnanlegt. Ég vildi engu breyta. Það var stundum erfitt í fyrstu og ég gleymi ekki hvernig sló þögn á herbergið þegar ég kom á fyrsta fundinn minn með félögum mínum, rithöfundum, eftir að fréttatilkynning um að ég hafi verið ráðin, kom í loftið. Nú hefur, sem betur fer, flest hugsandi fólk séð hvað álver Fjarðaáls hefur gert fyrir atvinnulífið og samfélagið á Austurlandi. Ég sé það alla leið úr Reykjavík en það eru margir sem kjósa að vera blindir hvað kostina varðar.“



ÓMISSANDI JÓLA- TRÉSSKEMMTANIR Í ÁLVERINU

Jólatrésskemmtanir Alcoa Fjarðaáls og Starfsmannafélagsins Sóma hafa fest sig í sessi sem ómissandi þáttur í jólaundirbúningi starfsmanna og fjölskyldna þeirra. Lostæti og Sesam brauðhús lögðu til jólakaffi og hátt í 200 piparkökuhús sem gestir skreyttu í matsalnum af mikilli list. Fjarðadætur sungu jólalög, veglegt jólabingó var á sínum stað og jólasveinar komu í heimsókn og dönsuðu með börnunum í kringum jólatréð.



01
Ekki mátti á milli sjá hvort foreldrarnir eða börnin skemmtu sér betur.

02
Magnús Þór Ásmundsson og Bjarni Þór Haraldsson mokuðu út glæsilegum vinningum í jólabingóinu.

03
Fjarðadætur sungu jólalög af alkunnri snilld.

04
Margir foreldrar létu ekki sitt eftir liggja þegar kom að því að skreyta piparkökuhúsin.

05
Það var þröng á þingi þegar jólasveinarnir gáfu börnunum epli og mandarínur.



JÓLATRÉ SÓTT Í ÍSLENSKAN SKÓG

Félögum í starfsmannafélaginu Sóma hefur undanfarin ár boðist að höggva sín eigin jólatré í skóginum við Brekkugerði í Fljótsdal. Sómi styrkir skógarhöggið og tréð kostar því einungis 4.000 krónur saman hver stærðin er.



ANNA KOM MEÐ JÓLIN Á AÐALVERK- STÆÐINU

Anna Leja hefur starfað hjá Fjarðaprifum í fimm ár og sér meðal annars um að halda aðalverkstæði álversins hreinu. Fyrir jólin tók hún sig til og skreytti verkstæðið með litlum kostnaði en miklu hugviti. Anna hefur líka ræktað blómin sem setja svo skemmtilegan svip á aðalverkstæðið og eru nú orðin 65 samkvæmt nýjustu talningu.



01
Sigrún Ólafsdóttir skógarbóndi í Brekkugerði tók á móti fólkinu og leiðbeindi í skógarhögginu. Samhliða búskap starfar Sigrún sem stóriðjutæknir í kerskála Fjarðaáls.

02
Almar Þór Matthíasson náði í sitt eigið „jólatré“.

03
Ýmir Kaldi Oddsson var ánægður með sessunautinn.

04
Clark Griswold hefði ekki gert betur en Marcin Pawel Kapuscik í skógarhögginu.



05
Starfsmenn aðalverkstæðisins kunnu svo sannarlega að meta framtak Önnu og voru komnir í dúndrandi jólaskap í byrjun desember.

06
Anna skreytti líka á jólatréð á aðalverkstæðinu með öryggisborðum og verkfærum sem hún gerði úr álpappír og merkti starfsmönnum á aðalverkstæðinu.

07
Anna Leja bjó hún til þennan myndarlega snjókarl úr plastglösum. Á spjaldinu hægra megin við snjókarlinn stendur á pólsku: „Með jólakveðju frá Pólverjum til Íslendinga“.



ÖRYGGI, KAKÓ OG KLEINUR

Óvænt töf af þessu tagi veitti reyndar góðan grundvöll fyrir umræðu um öryggismál við komuna í álverið. Þegar börnin voru komin inn fengu þau afhent öryggisglæraugu, gestapassa og öryggishjálma og rætt var við þau um mikilvægi öryggismála hjá fyrirtækinu.

Börnunum fannst skemmtilegt að taka lyftuna upp á þriðju hæð í skrifstofubyggingu álversins, þar sem mötuneytið er til húsa. Þau áttu reyndar erfitt með að ákveða hver ætti að ýta á takkann. Í mötuneytinu var boðið upp á kaffi og kleinur sem runnu ljúflega niður í litla maga.

Þess má geta vegna nálægðar leikskólans við álverið eru mörg barnanna tengd starfsmönnum í álverinu. Þar vinna um 500 starfsmenn Fjarðaáls og 300 starfsmenn verktaka. Öðlingarnir í heimsókninni voru sextán talsins og helmingur þeirra á foreldri sem vinnur í álverinu.



DAGUR LEIKSKÓLANS Í ÁLVERINU

Í TÍLEFNI AF DEGI LEIKSKÓLANS 5. FEBRÚAR KOMU ÖÐLINGAR, FIMM ÁRA BÖRN, FRÁ LEIKSKÓLANUM LYNGHOLTI Á REYÐARFIRÐI FÆRANDI HENDI Í ÁLVER FJARÐAÁLS. BÖRNINGUR HENGDU UPP MYND SEM UNNIN VAR UPP ÚR SÖGUNNI „PÉTRI OG ÚLFINUM.“



ÆVINTÝRI Í ÓFÆRÐ

Ferðin frá leikskólanum byrjaði brösuglega en Öðlingunum fannst það gera heimsóknina meira spennandi. Þannig vildi til að vegna upptöku á nýrri þáttaröð af Fortitude voru nokkrar götur lokaðar. Reynt var að snúa við rútunni sem átti að sækja börnin en hún festist. Því þurfti aðra rútú. Þar af leiðandi komu þau í álverið rúmum hálf tíma seinna en áætlað var, en ævintýrið að taka þrjár bláar rútur á einum degi – sú þriðja sótti þau eftir heimsóknina – verður eftirminnilegt.



LISTAVERKASÝNING

Öðlingarnir komu færandi hendi og hengdu upp mynd í undirgöngum sem liggja milli tveggja bygginga í álverinu. Myndin var unnin upp úr sögunni „Pétri og úlfnum.“ Þau settu einnig upp verk sem er tileiknað ástinni, enda var stutt í Valentínusardaginn. Undir formerkjum ástarinnar voru setningar frá börnunum þar sem þau svara spurningunni „Hvað er ást?“

Börnin voru loks öll leyst út með gjöfum: þau fengu blýant, penna og púsluspil í þakklætisskyni fyrir heimsóknina og þessi glæsilegu listaverk.

Á meðan beðið var eftir rútunum fyrir heimförina sungu börnin tvö lög fyrir starfsmenn álversins og annað þeirra var hið vinsæla „Ég er kominn heim...“

Heimsóknin var afar vel heppnuð og þakkar Fjarðaál þessum skemmtilegu gestum kærlega fyrir komuna.



Starfsmenn Blóðbankans ásamt starfsmönnum í heilsueflingarteymi Fjarðaáls.

GÓÐHJARTAÐIR BLÓÐGJAFAR Á HEILSUGÆSLU FJARÐAÁLS

ALCOA FJARÐAÁL HEFUR LENGI HAFT ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ FÁ BLÓÐBANKANN Í HEIMSÓKN TIL ÞESS AÐ STARFSMENN OG AÐRIR AUSTFIRÐINGAR FÁI TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ GEFA BLÓÐ. BLÓÐBÍLLINN HEFUR EKKI GETAÐ FARIÐ LENGRA EN TIL HORNAFJARÐAR OG ÞVÍ HEFUR BLÓÐGJÖF EKKI REYNST MÖGULEG.

Haustið 2016 opnaðist fyrir tækifæri til blóðgjafar með samstarfi við Blóðbankann sem sendi starfsmenn sína með flugi austur á land. Fyrir tilstilli heilsueflingarnefndar Fjarðaáls kom Blóðbankinn í blóðsöfnun á heilsugæslu fyrirtækisins auk þess sem safnað var á HSA á Egilsstöðum.

Blóðbankinn kom tvisvar sinnum á heilsugæslu Fjarðaáls, í september og október og var tvo daga í hvort skipti. Annar dagurinn var fyrir starfsmenn Fjarðaáls og verktaka og sá seinni var opinn fyrir alla. Samtals komu 153 manns ýmist í blóðgjöf eða í blóðprufu til að gerast blóðgjafar.

Svanbjörg Pálsdóttir hjá heilsueflingarteymi Fjarðaáls er ánægð með viðtökurnar: „Það er skemmst frá því að segja að svo margir nýjir blóðgjafar gáfu blóð að framvegis mun Blóðbankinn koma á Austurlandið tvisvar á ári, vor og haust. Mikil og sérstök stemning myndaðist á heilsugæslunni þessa daga því fullbókað var á tvo bekki allan tímann. Góðar veitingar voru í boði fyrir og eftir blóðgjöf. Margir sem höfðu gefið blóð reglulega á árum áður af því þeir höfðu búið á Reykjavíkursvæðinu voru glaðir að geta hafið blóðgjafir aftur.“



TÆPLEGA 120 ÞÚSUND TRÉ GRÓÐURSETT Á VEGUM ALCOA FRÁ STOFNUN FJARÐAÁLS

Í SEPTEMBER 2016 GRÓÐURSETTI SKÓGRÆKTARFÉLAG ESKIFJARÐAR, MEÐ AÐSTOÐ UNGLINGA Í 9. OG 10. BEKK, TÍU ÞÚSUND PLÖNTUR Á SKÓGRÆKTARSVÆÐI FÉLAGSINS VIÐ YTRI ÞVERÁ Í ESKIFIRÐI.

Samfélagssjóður Alcoa styrkti gróðursetninguna gegnum alþjóðlega átakið GlobalReleaf. Að verkinu loknu hafa tæplega 120 þúsund tré verið gróðursett hér á landi á vegum Alcoa.

Á Degi jarðarinnar í júní 2003 hófst átak á vegum Alcoa sem nefnist „Tíu milljón tré.“ Tilgangurinn með átakinu er að auka trjágróður víðs vegar um heiminn með hjálp starfsmanna Alcoa með það að markmiði árið 2020 verði búið að planta 10 milljón trjám sem geta samtals dregið til sín yfir 250.000 tonn af koltvísýringi á ári. Átakið hófst formlega hjá Alcoa Fjarðaáli þann 14. júní 2003 þegar fyrstu trjáplönturnar voru gróðursett á óspilltum reit sem skartar hrjóstrugri fegurð íslenskrar náttúru við Reyðarfjörð. Frá þeim degi hafa stöðugt bæst við plöntur víðs vegar um Austurland og Suðurland en Fjarðaál heldur utan um tölu gróðursettra trjáa.

Á undanföllum árum hefur Samfélagssjóður Alcoa hleypt meiri krafti í gróðursetninguna með samstarfi við American Forests sem standa fyrir átakinu Global Releaf. Það átak snýst um að endurheimta skóga sem hafa eyðst vegna ágangs manna ásamt því að fjölga skógum í tæplega 50 löndum. Þar með er viðkvæmu lífkerfi við haldið.

Skógræktarfélag Íslands hefur þrisvar sinnum fengið veglegan styrk frá Samfélagssjóði Alcoa gegnum ofangreind samtök. Tvisvar hefur félagið unnið í samvinnu við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og gróðursett þúsundir trjáa en árið 2016 vann félagið með Skógræktarfélagi Eskifjarðar. Styrkurinn sem var veittur náði til gróðursetningar 20 þúsund trjáplantna. Helming þeirra gróðursettu sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands við Úlfjótuvatn á Suðurlandi en hinn helmingurinn var gróðursettur helgina 17. - 18. september 2016 á vegum Skógræktarfélags Eskifjarðar á skógræktarsvæði félagsins við Ytri Þverá í Eskifirði.

Skógræktarfélag Eskifjarðar fékk til liðs við sig nemendur í 9. og 10. bekk Grunnskóla Eskifjarðar sem ásamt félagsmönnum gróðursettu plönturnar. Með þessum tíu þúsund trjáplöntum er tala gróðursetta trjáa á vegum Alcoa hér á landi komin í 119.924 plöntur. Samkvæmt reiknitöflu kolefnisbókhalds Kolviðar ættu þessar plöntur að binda sem samsvarar tæpum 12.800 tonnum af koltvísýringi.

Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Skógræktarfélagi Íslands er mjög ánægð með samstarfið við félagið á Eskifirði. „Skógræktarfélag Eskifjarðar er eitt minnsta aðildarfélagið okkar, þannig að í þessu felst töluverður stuðningur við það,“ segir hún.

Fjarðaál þakkar Skógræktarfélagi Íslands og Skógræktarfélagi Eskifjarðar samvinnuna.

VÍTAMÍNSPRAUTA FRÁ SPRETTI STYRKARSJÓÐI FYRIR ÍÞRÓTTIR Á AUSTURLANDI

AÐ LOKINNI FORMLEGRI ÚTHLUTUN ÚR STYRK-
ARSJÓÐI ALCOA FJARÐAÁLS AÐ VORI OG HAUSTI
FER FRAM FYRRI OG SEINNI ÚTHLUTUN ÁRSINS
ÚR AFREKSSJÓÐNUM SPRETTI.



Sjóðnum er einkum ætlað að styrkja íþróttaiðkun barna og unglinga með einkunnarorð Alcoa um afburði (excellence) að leiðarljósi. Alcoa Fjarðaál sér um fjármögnun sjóðsins en ÚÍA um skipulag og utnumhald. Í úthlutunarnefndinni situr fólk frá bæði ÚÍA og Alcoa sem fer yfir umsóknir og úthlutar úr sjóðnum. Á hverju ári eru veittir afreksstyrkir, iðkendastyrkir, þjálfarastyrkir og félagastyrkir auk þess sem íþróttamaður Austurlands er styrktur sérstaklega.

VORÚTHLUTUN ÚR SPRETTI 2016

Að þessu sinni voru veittir sex iðkendastyrkir, samtals að upphæð 500.000 kr. Styrkþegar voru Atli Fannar Pétursson, Gígja Guðnadóttir og Þórarinn Örn Jónsson sem öll stunda blak hjá Þrótti, Halldóra Birta Sigfúsdóttir (Umf. Valur-skíði), Lísbet Eva Halldórsdóttir (Höttur-fimleikar) og Glímuráð Vals (Valur-glíma). Fjórir þjálfarar fengu styrk vegna þátttöku í verkefnum samtals að upphæð 200.000 kr. Það voru Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir og Stefán Einar Kristjánsson hjá Brettafélagi Fjarðabyggðar og Borja Gonzalez Vicente og Anna Maria Vidal Bouza hjá Þrótti.

Þá fengu þrjú aðildarfélög ÚÍA styrk vegna verkefna, samtals að upphæð 150.000 kr. Fyrir valinu urðu Brettafélag Fjarðabyggðar til að halda Parkour/hjólabettanámskeið, UMF Þristur fyrir verkefnið Hjólaþrátt og Valur til að kynna íþróttina Tcoukball sem er yfir þrjátíu ára gömul íþrótt sem nýtur vaxandi vinsælda um allan heim.

HAUSTÚTHLUTUN ÚR SPRETTI 2016

Í byrjun desember voru veittir fjórir afreksstyrkir en þá hlutu Birkir Freyr Elvarsson, Hrafnhildur Ásta Njálsdóttir og Valdís Kapítala Þorvarðardóttir, öll frá Þrótti, og Galdur Máni Davíðsson frá Þrótti/Huginn. Allir styrkirnir voru vegna unglingalandsliðsverkefna í blaki.

Sjö iðkendastyrkir voru veittir. Þá hlutu Helga Jóna Svansdóttir frá Hetti (frjálsar íþróttir), Reynir Birgisson frá Brettafélagi Fjarðabyggðar (brettaíþróttir), Anna Karen Marinósdóttir og Tinna Rut Þórarinsdóttir frá Þrótti (blak), Börkur Marinósson frá Þrótti (blak og knattspyrna), Gunnar Einarsson frá Huginn (blak og golfi) og Embla Rán Baldursdóttir frá SKÍS (skíðaíþróttir).

Þjálfarastyrki til náms hlutu Björgvin Hólm Birgisson frá Brettafélagi Fjarðabyggðar og Sif Guðmundsdóttir frá SKÍS. Þá hlutu þrjú aðildarfélög ÚÍA styrk vegna sértækra verkefna: Frjálsíþróttadeild Hattar vegna æfingabúða, UMFB vegna íþróttadagskrár í tilefni af 100 ára afmæli félagsins og Brettafélag Fjarðabyggðar vegna Brettaskóla fyrir byrjendur.



ALCOA Á SJÁLFBÆRNILISTA DOW JONES FIMMTÁNDA ÁRIÐ Í RÖÐ

ALCOA HEFUR VERIÐ VALIÐ Á SJÁLFBÆRNILISTA DOW JONES (DJSI) FIMMTÁNDA ÁRIÐ Í RÖÐ. ÞESSI VIÐURKENNING SKIPTIR MIKLU MÁLI EN HÚN BYGGIR Á SAMFÉLAGSLEGRI ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA OG FRAMLAGI TIL SJÁLFBÆRRAR ÞRÓUNAR. ALCOA VAR EFST Á LISTA MEÐAL FYRIRTÆKJA Í ÁLIÐNAÐI.

Af þessu tilefni sagði Kevin McKnight, yfirmaður sjálfbærnimála, umhverfis-, öryggis- og heilsumála hjá Alcoa: „Nú erum við í þeim sporum að undirbúa rekstur tveggja öflugra fyrirtækja í haust og við munum halda áfram að leggja áherslu á nýbreytni og skapandi hugsun til að skila jákvæðum ávinningi til umhverfisins, samfélaga þar sem við störfum, starfsmanna okkar og hluthafa.“

HELSTU ÁVINNINGAR ALCOA Í SJÁLFBÆRNIMÁLUM Á ÁRINU 2015 ERU ÞESSIR:

- Fyrirtækið náði markmiðum sínum fyrir 2020 varðandi styrkleika gróðurhúsalofttegunda fimm árum á undan áætlun með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 5,5 milljónir tonna og hefur bætt frammistöðu sína í losun gróðurhúsalofttegunda um 31,3% frá viðmiðunarárinu 2005.
- Alcoa var eitt af fyrstu fyrirtækjunum sem skrifuðu undir skuldbindingu bandarískra fyrirtækja í loftlags-

málum (American Business Act on Climate Pledge). Með undirritun yfirlýsingarinnar skuldbindur fyrirtækið sig til að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda um 50% frá viðmiðunarárinu 2005 og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar vöru um það sem samsvarar þrefaldri losun frá framleiðslu hennar – allt fyrir árið 2025.

- Vörur úr áli, títaníum og nikkelmálmböndum sem Alcoa hefur þróað er að finna frá nefi að stéli hvernar háþróaðrar nútíma farþegaflugvélar. Þessar vörur stuðla að léttari og sparneytnari flugvélu með skilvirkari aflvélu og færri kolefnisfótsporun.
- Micromill® efnið frá Alcoa er notað í bifreiðahluti sem eru tvöfalt meðfærilegri og þrjátíu prósent léttari en hlutir úr hágæða stáli, en þessa hluti er m.a. að finna í 2016 árgerðinni af F-150 pallbílinum frá Ford.
- Á árinu 2015 bætti Alcoa geymsluaðferðir afgangsefna baxítframleiðslu og jók hlutfall endurbyggingar baxítvinnslusvæða.

Frá árinu 1999 hefur Dow Jones staðið fyrir því að reikna út sjálfbærnistöðu fyrirtækja. Svokölluð sjálfbærnivísitala Dow Jones leggur mat á starfsemi fyrirtækja út frá sjónarhorni sjálfbærar þróunar. Starfsemin er metin með mælikvörðum sem snúa að efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum fyrirtækjanna með langtíma áhrif að leiðarljósi.

